

# ÚTTEKT Á STARFSEMI


*Verzlunarskóla Íslands*

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

20. júní 2014

**ATTENTUS**  
mannauður & ráðgjöf

*Árný Elíasdóttir, Ásta Þorleifsdóttir og  
Sveinborg Hafliðadóttir*



## Úttekt á starfsemi Verzlunarskóla Íslands 2014

Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, nemendum, foreldrum ásamt fulltrúum skólanefndar fyrir aðstoð við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 20. júní 2014

Árný Elíasdóttir, Ásta Þorleifsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir

## Efnisyfirlit

<b>SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM .....</b>	<b>5</b>
<b>1. INNGANGUR .....</b>	<b>7</b>
1.1. Gagnaöflun.....	7
<b>2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS .....</b>	<b>8</b>
2.1. Nemendur .....	8
2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda.....	9
2.1.2. Brottfall nemenda .....	11
2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara .....	11
2.2. Mannauður .....	11
2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl .....	12
2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna .....	13
2.2.3. Sí- og endurmenntun .....	14
2.2.4. Starfsánægja.....	15
2.3. Áherslur og stefna skólans.....	15
2.3.1. Endurskoðun stefnu m.t.t laga um framhaldsskóla frá árinu 2008.....	15
2.3.2. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum .....	17
2.3.3. Jafnréttisstefna.....	18
2.3.5. Heilsueflandi framhaldsskóli .....	19
2.3.6. Umhverfisstefna .....	19
2.3.7. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt.....	20
2.4. Húsnæði og aðbúnaður.....	20
2.4.1. Eftirlit úttektaraðila.....	20
2.4.2. Öryggisnefnd skólans.....	20
2.5. Lög og reglugerðir.....	21
2.6. Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins .....	21
2.7. Námsbrautir .....	21
2.7.1. Félagsfræðibraut .....	22
2.7.2. Málabraut.....	22
2.7.3. Náttúrufræðibraut.....	22
2.7.4. Viðskiptabraut.....	22
2.7.5. Verslunar- og frumkvöðlabraut .....	22
2.7.6. Fjarnám .....	23
2.8. Mat úttektaraðila .....	23
<b>3. SKÓLANÁMSKRÁ .....</b>	<b>27</b>
3.1. Endurskoðun skólanámskrár .....	27
3.1.1. Grunnþættir menntunar .....	28
3.2. Tengsl skólastiga .....	28

3.3. Námsmat.....	29
3.3.1. Árangur og einkunnir .....	30
3.4. Mat úttektaraðila .....	31
<b>4. STJÓRNUN OG REKSTUR .....</b>	<b>33</b>
4.1. Stjórnskipulag og skipurit .....	34
4.1.1. Skólaráð.....	35
4.1.2. Skólanefnd.....	35
4.2. Ákvarðanatataka .....	36
4.3. Nemendafélag .....	37
4.4. Mat úttektaraðila .....	37
<b>5. NÁM OG KENNSLA.....</b>	<b>39</b>
5.1. Fjölbreytni.....	39
5.2. Kennsluhættir .....	39
5.2.1. Jafnréttiskennsla.....	41
5.3. Lýðræði .....	41
5.4. Þróunarverkefni .....	41
5.5. Mat úttektaraðila .....	41
<b>6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI.....</b>	<b>43</b>
6.1. Líðan nemenda .....	44
6.2. Einelti og agamál.....	45
6.3. Félags- og tómstundastarf .....	45
6.4. Jafnrétti meðal nemenda .....	46
6.5. Náms- og starfsráðgjöf .....	46
6.6. Forvarnar- og áfallaráð .....	47
6.7. Mat úttektaraðila .....	47
<b>7. INNRA MAT .....</b>	<b>49</b>
7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd .....	49
7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati .....	49
7.3. Mat á frammistöðu kennara .....	50
7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats .....	50
7.5. Mat úttektaraðila .....	50
<b>8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGSL.....</b>	<b>52</b>
8.1. Foreldraráð .....	52
8.2. Samstarf við grenndarsamfélag .....	53
8.3. Lýðræði og þátttaka .....	53
8.4. Upplýsingaflæði.....	53
8.5. Mat úttektaraðila .....	54
<b>9. NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR .....</b>	<b>55</b>

9.1. Almenn stöðþjónusta .....	55
9.2. Starfsbraut.....	55
9.3. Mat úttektaraðila .....	56
<b>10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA .....</b>	<b>57</b>
10.1. Styrkleikar og veikleikar .....	57
10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta.....	57
<i>10.3.1. Skólinn.....</i>	<i>57</i>
<i>10.3.3. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....</i>	<i>59</i>
<b>HEIMILDIR.....</b>	<b>60</b>
<b>VIÐAUKAR.....</b>	<b>62</b>
Viðauki I – Markmið skólans.....	62

## SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Verzlunarskóla Íslands á grundvelli 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á framhaldsskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennar upplýsingar um starfsemi hans. Lagt var mat á stjórnun og rekstur, skólanámskrá, nám og kennslu, skólabrag og samskipti, samstarf við foreldra, sérþarfir nemenda og kannað hvort innra mat skólans mætir ákvæðum aðalnámskrár og þörfum skólans.

Verzlunarskóli Íslands (VÍ) var stofnaður árið 1905 af *Verzlunarfélagi Reykjavíkur* og *Kaupfélagi Reykjavíkur*. Skólinn er sjálfseignarstofnun undir vernd og umsjón *Viðskiptaráðs Íslands* og starfar samkvæmt skipulagsskrá frá 3. mars 2014. Markmið skólans samkvæmt námskrá er að brautskráðir nemendur verði færir um að takast á við nám í háskóla eða sérskóla á háskólastigi, og að brautskráðir nemendur verði færir um að stunda rekstur og viðskipti og gegna stjórnunarstörfum í íslensku atvinnulífi. Skólinn er kominn vel á veg með endurskoðun skólanámskrár og mun hefja kennslu skv. aðalnámskrá haustið 2015. Margir hafa komið að vinnunni en virkja má nemendur og foreldra enn betur.

Skipurit skólans, starfslýsingar og ábyrgðarskipting stjórnenda liggja fyrir og virðist skipuritið henta vel stærð hans og verkefnum að mestu leyti. Í yfirstjórn skólans er jafnt hlutfall karla og kvenna en í allri stjórnun er hlutfallið 45% karlar og 55% konur. Skólanefnd hefur verið mjög virk, er samráðsaðili skólameistara og hefur haft frumkvæði að stefnumótun skólans í samræmi við skipulagsskrá hans. Æskilegt væri að nemendur ættu áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Skólaráð hefur ekki verið virkt undanfarið ár en hagsmunaráð nemenda fjallar um mál sem varða nemendur. Kennarar hafa almennt góðan aðgang að stjórnendum og faglegt frelsi þeirra er mikið. Þeir eru allir menntaðir á sínu fagsviði og hafa flestir full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Við skólann starfa þrjú náms- og starfsráðgjafar og ráðgjöf er vel sinnt. Skólinn hefur ekki samræmt ferli fyrir móttöku nýrra kennara sem er mismunandi eftir deildum. Formleg sí- og endurmenntunarstefna og -áætlun er ekki til staðar. Framboð á endurmenntun kennara virðist nægjanlegt í gegnum fagfélög kennara, einnig hefur verið mikil endurmenntun í tengslum við ný lög og endurskipulagningu skólastarfsins. Formleg, regluleg starfsmannasamtöl hafa ekki átt sér stað undanfarin ár.

Húsnæði og aðbúnaður skólans er almennt góður og uppfyllir að mestu leyti þarfir hans en þráðlaust netsamband þarf að bæta sums staðar. Skólasafn nýtist vel í skólastarfinu. Svo virðist sem hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshruns hafi að miklu

leyti komið niður á fjarnámi skólans. Námsframboð er fjölbreytt og virðist koma að mestu leyti til móts við þarfir nemendahópsins bæði í dagskóla og fjarnámi. Í skólanum eru í auknum mæli notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir. Skólinn hefur aukið hlut upplýsingatækni í starfi sínu á síðastliðnum árum en auka mætti þann þátt enn meira. Unnið er að samræmdum áfangalýsingum skv. viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir alla áfanga skólans. Byggð hafa verið upp margvísleg úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist þörfum þeirra vel sinnt. Skólinn hefur ekki sérstaka stefnu um heimanám en ætlast til þess að því sé sinnt. Ákvörðun um námsmat er í höndum hvernar deildar og leitað er leiða til að auka fjölbreytni í námsmati. Skv. könnunum segjast 63% nemenda vera mjög eða frekar ánægðir með kennslu í áföngum. Lýðræðisleg aðkoma nemenda að náminu og skólastarfinu þyrfti að vera meiri. Flest þróunarverkefni skólans á síðustu árum hafa tengst breytingum á námskrá en einnig hefur hann tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Starfsandi í skólanum er almennt góður og samvinna með ágætum en ekki er alltaf samræmi í hvernig skólareglum er framfylgt. Traust til yfirstjórnar mælist á starfshæfu bili (3,70-4,19). Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum og kannað einelti sérstaklega, sem er mjög lítið. Nemendafélag skólans heldur úti mjög fjölbreyttri starfsemi. Stjórn þess er kosin til eins árs í senn. Innra mat skólans uppfyllir að hluta viðmið laga og aðalnámskrár um innra mat. Flestir þættir skólasamfélagsins eru metnir og er skipulag og framkvæmd í höndum stjórnenda en kynningu og eftirfylgni má bæta. Foreldraráð skólans er mjög virkt og gott samstarf milli foreldra og stjórnenda skólans. Samstarf við grunnskóla og framhaldsskóla er helst skólakynningar og að nemendur sækja fjarnámsáfanga. Tengsl við háskólana eru ekki formleg og mætti auka.

Helstu styrkleikar skólans eru námslega sterkir nemendur sem líður vel og hafa góða sjálfsmynd, gott félagslíf, jákvæður skólabragur og umhyggja, góður aðbúnaður, ánægja með stjórnendum og traust til þeirra, faglega sjálfstæðir kennarar, virk skólanefnd og öflugt foreldrastarf. Veikleikar eru þeir helstir að ákvörðunum og reglum um mætingar, aga og umgengni er ekki fylgt nægilega vel eftir, þátttaka nemenda í ákvörðunum er varða skólastarfið mætti vera meiri, ekki ríkir sátt um mætingakerfi skólans og ekki hafa allir aðilar skólasamfélagsins komið að endurskoðun skólanámskrár.

Helstu tillögur til úrbóta eru að skólinn ljúki útfærslu kennsluhátta og námsmats, tekin verði upp regluleg starfsmannasamtöl, hugað verði betur að markvissri endurmenntun starfsmanna, verkferlar betur kynntir og þeim fylgt eftir, innra mat eflt og betur staðið að kynningu og eftirfylgni, aukin þátttaka nemenda í ákvarðanatöku, netsamband verði bætt og mætingakerfi endurskoðað, sérstaklega reglur um leyfi og veikindi.

## 1. INNGANGUR

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Verzlunarskóla Íslands. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina. Í úttektinni er lagt mat á eftirfarandi þætti:

- Skólann og umhverfi hans.
- Skólanámskrá.
- Stjórnun og rekstur.
- Nám og kennslu.
- Skólabrag og samskipti.
- Innra mat.
- Samstarf við foreldra og ytri tengsl.
- Sérþarfir nemenda.

Í skýrslunni er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir starfsemi skólans og niðurstöðum úttektarinnar. Þá er lýst styrkleikum og veikleikum skólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta og viðaukar.

### 1.1. Gagnaöflun

Úttektin byggir á gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknum. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar úttektinni eru lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá og starfsáætlanir skólans, áfangalýsingar, kennsluáætlanir, tölur um skólasókn og heimasíða skólans, auk annarra gagna (sjá heimildaskrá).

Fundað var með skólastjóra, yfirkennara, fjarnámsstjóra og áfangastjóra (hér á eftir vísað í sem yfirstjórn skólans), deildarstjórum, fulltrúum skólanefndar, tveimur rýnihópum kennara, rýnihópi annarra starfsmanna en kennara, foreldraráði, nemendum og náms- og starfsráðgjöfum. Alls var rætt við 50 manns.

Úttektaraðilar völdu fulltrúa í rýnihópi kennara í samráði við formann kennarafélags skólans. Fulltrúa nemenda valdi formaður nemendafélags í samráði við úttektaraðila. Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til skólastarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Gögn skólans voru almennt góð.



## 2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Verzlunarskóli Íslands var stofnaður árið 1905 af Verzlunarfélagi Reykjavíkur og Kaupfélagi Reykjavíkur. Markmiðið með stofnun skólans var að *auðvelda mönnum að afla sér menntunar á verzlunarsviðinu*. Skólinn hafði þá sérstöðu að konur höfðu frá upphafi sama aðgang að skólanum og karlar. Í sögu skólans kemur fram að þar með hafi skólinn haft jákvæð áhrif á jafnréttisbaráttu í landinu. Félagslíf nemenda hefur verið fjölbreytt gegnum árin. Málfundafélag Verzlunarskóla Íslands var stofnað 1908. Sama ár kom skólablaðið Viljinn fyrst út, Verzlunarskólablaðið hóf göngu sína 1933 og Nemendasamband Verzlunarskóla Íslands tók til starfa árið 1939.<sup>1</sup> Skólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945. Frá stofnun hefur námsframboð við skólann breyst mikið. Skólinn hóf starfsemi sína í Vinaminni við Mjóstræti 3 en er nú að Ofanleiti 1.

Verzlunarskóli Íslands er sjálfseignarstofnun undir vernd og umsjón Viðskiptaráðs Íslands og starfar samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá frá 3. mars 2014. Þar segir: *Hlutverk Verzlunarskóla Íslands er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum, með því að efla og veita almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi. Skólanefnd er jafnframt heimilt að vinna að ofangreindu hlutverki skólans á hvern annan þann hátt sem fulltrúaráð og skólanefndin kann að ákveða, s.s. með veitingu menntunar á öðrum skólastigum og kaupum, sölu, leigu og/eda sölu fasteigna sem fellur að hlutverki skólans.*<sup>2</sup> Skólinn leggur metnað í að *búa sem best að margvíslegum þörfum nemenda* og hefur verið í stöðugri þróun frá stofnun. Einnig leggur hann nú líkt og áður áherslu á að *styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvíanna hagnýta viðskiptagreind saman við annað bóklegt nám*. Skólinn innheimtir skólagjöld sem eru haustið 2014 kr. 110.000 auk kr. 7000 til nemendafélagsins.

Árið 1997 tók skólinn upp nýja brautaskiptingu þar sem brautum var fjölgað úr þremur í fimm og árið 2001 voru brautirnar orðnar sex. Núverandi brautakerfi skólans frá árinu 2004 er nú í endurskoðun.<sup>3</sup> Nemendur eru 1862, að fjarnámsnemendum meðtöldum. Starfsmenn eru 116 í 108 stöðugildum, þar af 79 kennarar í 75,5 stöðugildum.

### 2.1. Nemendur

Nemendur skólans voru á haustönn 2013 alls 1796 en eru á vorönn 2014 1862. Nemendur í dagskóla haustið 2013 voru um 70% og í fjarnámi 30%. Kynjahlutfall nemenda var 58,4%

<sup>1</sup> Skólanámskrá VÍ

<sup>2</sup> Skipulagsskrá fyrir Verzlunarskóla Íslands

<sup>3</sup> Heimasíða VÍ – Saga skólans

<sup>4</sup> Skólanámskrá VÍ

konur og 41,6% karlar. Árið 2013 var yngsti nemandi skólans í dagskóla fæddur 1998 en sá elsti 1993. Í fjarnámi á haustönn 2013 var yngsti nemandinn fæddur árið 2000 og sá elsti árið 1945. Meðalstærð námshópa innan skólans má sjá í töflu 1. Tafla 2 sýnir fjölda nemenda við skólann árin 2010-2014. Nemendafjölda eftir námsbrautum á haustönn 2013 má sjá í töflu 3.

Tafla 1. Meðalstærð námshópa á haustönn 2013 og vorönn 2014

Námshópur	Haustönn 2013	Vorönn 2014
Meðalstærð bekkja	25,2	24,8

Tafla 2. Fjöldi nemenda á árunum 2010-2014.

Skólaár/annir	Dagskóli	Fjarnám	Samtals
Skólaárið 2010-2011			
• Haust	1218	311	1529
• Vor	1242	721	1963
• Sumar	0	728	728
Skólaárið 2011-2012			
• Haust	1249	522	1771
• Vor	1227	627	1854
• Sumar	0	572	572
Skólaárið 2012-2013			
• Haust	1246	574	1820
• Vor	1234	641	1875
• Sumar	0	699	699
Skólaárið 2013-2014			
• Haust	1251	545	1796
• Vor	1221	641	1862

Tafla 3. Fjöldi nemenda eftir námsbrautum<sup>5</sup>

Námsbraut	Stelpur	Strákar	Alls
Félagsfræðibraut	119	56	175
Málabraut	8	1	9
Náttúrufræðibraut	362	154	516
Viðskiptabraut	236	215	451
Verslunar- og frumkvöðlabraut	0	0	0

### 2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda

Umsóknum um skólavist hefur fækkað frá skólaárinu 2011-2012 um 64, eða 9%. Að sögn skólustjóra kunna að vera á því nokkrar skýringar, meðal annars misstórir árgangar og tiskusveiflur í aðsókn. Í töflu 3 má sjá inntöku og aðsókn í VÍ. Við val á nemendum í skólann var eftirfarandi vinnulag viðhaft:<sup>6</sup>

- (i) *Nemendum var raðað eftir meðaltali skólaeinkunna í fjórum greinum, og 280 efstu nemendur voru teknir inn. Lægsta einkunn í þessum hópi var 8,8.*
- (ii) *Síðan voru skoðaðar umsóknir allra nemenda með einkunn frá 8,0 til 8,8.*

<sup>5</sup> Ársskýrsla VÍ 2013

<sup>6</sup> Ársskýrsla VÍ 2013

Að sögn skólastjóra eru bæði kostir og gallar við vinnulagið. Kostirnir séu almennt sterkir nemendur en gallarnir séu einsleitur nemendahópur. Fram kom meðal stjórnenda og kennara að þeir hafi orðið varir við mikinn mun á því sem stendur að baki námsmati eftir skólum og sögðust margir sakna samræmdra prófa en nemendur þreyta stöðupróf í upphafi náms og er umtalsverður munur á frammistöðu nemenda eftir skólum. Loks eru teknir inn nemendur af ýmsum ástæðum, s.s. koma erlendis frá, koma úr öðrum framhaldsskólum eða nemendur sem endurtaka bekk. Einnig benda stjórnendur á að brottfall úr einum skóla geti verið aðsókn í annan en oft viti skólanir ekki hvaða ástæður liggja að baki flutningi nemenda á milli skóla. Tafla 3 sýnir inntöku og aðsókn í skólann 2010 – 2015.

**Tafla 3. Inntaka og aðsókn í Verzlunarskóla Íslands.**

Skólaár	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykktra umsókna	Hlutfall samþykktra umsókna
Skólaárið 2010-2011	751	336	45%
Skólaárið 2011-2012	723	336	46%
Skólaárið 2012-2013	659	304	46%
Skólaárið 2013 - 2014	642	308	48%
Skólaárið 2014 - 2015	699	330	49%*

\* áætlun skólastjóra

Nemendur skólans koma hvaðanæva af landinu en tafla 4 sýnir hvar nemendur áttu skráða búsetu á haustönn 2013.

**Tafla 4. Dreifing nemenda VÍ eftir búsetu á haustönn 2013.**

Haustönn 2013		Búseta
Fjöldi	%	
4	1,4%	Álftanes
1	0,3%	Borganes
1	0,3%	Borgarfjörður
1	0,3%	Egilsstaðir
9	3,1%	Garðabær
1	0,3%	Grindavík
1	0,3%	Grundarfjörður
12	4,1%	Hafnarfjörður
63	21,6%	Kópavogur
17	5,8%	Mosfellsbær
1	0,3%	Reyðarfjörður
8	2,7%	Reykjanesbær
139	47,8%	Reykjavík
4	1,4%	Sandgerði
3	1,0%	Selfoss
12	4,1%	Seltjarnarnes

Haustönn 2013		Búseta
1	0,3%	Snæfellsbær
1	0,3%	Stykkishólmur
2	0,7%	Vestmannaeyjar
1	0,3%	Vogar á Vatnsleysuströnd
1	0,3%	Vopnafjörður
8	2,7%	Annað

### 2.1.2. Brottfall nemenda

Skólinn hefur ekki sett sér viðmið um brottfall. Í sjálfsmatsskýrslu skólans 2012-2013 kemur fram að brottfall sé það lítið að ekki hafi þótt ástæða til að grípa til ráðstafana, umfram þær að miðannarmat með umsögn er notað til að meta stöðu nemenda og námsráðgjafar taka í viðtal þá sem virðast í hættu. Tafla 5 sýnir brottfallshlutfall nemenda. Skólastjórnendur segja fáa falla, enda almennt sterkir nemendur sem komi inn í skólann. Flestir þeirra sem hætta námi í skólanum fari í aðra skóla vegna þess að námið henti þeim ekki. Einnig skipta nokkrir nemendur á hverju ári yfir í fjarnámið af persónulegum ástæðum, t.d. vegna veikinda eða flutninga. Kannaðar séu undirliggjandi ástæður, m.a. fyrirbyggjandi greiningar nemenda.

**Tafla 5. Brottfall nemenda.**

Skólaár/annir	Brottfall nemenda	Brottfallshlutfall
Skólaárið 2012-2013		
Haust	15	1,2%
Vor	4	0,3%
Skólaárið 2013-2014		
Haust	14	1,1%

### 2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara

Árlegur kennslutími skólaárið 2012-2013 voru alls 145 kennsludagar, þar af 73 haustið 2012 og 72 vorið 2013. Almenn stefna um forfallakennslu er á þann veg að nemendum er ekki veitt forfallakennsla vegna veikinda kennara nema um sé að ræða lengri forföll. Kennslustundir, sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara, hafa undanfarnar annir verið 2,8% af heildar kennslustundum annar. Skólastjóri tekur þó fram að kennsla falli ekki alltaf niður ef upp koma veikindi hjá kennurum, oft séu nemendum sett fyrir verkefni eða fjarnámskerfi notað.

## 2.2. Mannauður

Starfsmenn eru 116 í 108 stöðugildum, 34% karlar og 66% konur. Kennarar eru 79 í 75,5 stöðugildum þar með talið 12 deildarstjórar en auk þess teljast fjórir til yfirstjórnar skólans. Í henni eru auk skólameistara, yfirkennari, áfangastjóri og fjarnámsstjóri - tvær konur og

tveir karlmenn. Auk þeirra starfa við stjórnun skrifstofustjóri, húsvörður, kerfisstjóri, deildarstjóri nemendajónustu og bókasafnsvörður - þrjár konur og tveir karlmenn. Starfsmannastefna skólans var síðast endurskoðuð í ágúst 2012. Í henni segir:

*Ví lítur svo á að hæft og traust starfsfólk sé forsenda þess að skólastarfið skili árangri. Því er kostað kapps um að ráða úrvalsfólk til allra starfa og skapa því góð starfsskilyrði til þess að framfylgja einkunnarorðum skólans.<sup>7</sup> Meginþættir stefnunnar eru:*

- *Að taka með markvissum hætti á móti nýliðum og styðja þá í starfi.*
- *Að bjóða upp á sveigjanleika í vinnutíma eftir því sem edli hvers starfs gefur efni til. Í tilfelli kennara þá er fjarnám lykill að því máli.*
- *Að bjóða upp á endurmenntun í samræmi við námsframboð skólans hverju sinni og reyna að koma til móts við óskir starfsmanna um endurmenntun.*
- *Að huga sífellt að möguleikum til starfsþróunar.*
- *Að upplýsingastreymi sé jafnt og þétt þannig að starfsmenn fylgist glögglega með framvindu mála í skólanum.*
- *Að jafnrétti sé sjálfsögð og edlileg krafa, ekki bara milli kynja heldur einnig í jafnvægi milli vinnu og einkalífs og annarra þátta sem valda mismunun á vinnustað.*
- *Að tryggja sem best hagsmuni starfsmanna við starfslok.*

#### 2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl

Árlega er framkvæmd kennslukönnun meðal nemenda þar sem þeir eru beðnir um að gefa áföngum einkunn út frá mikilvægi greinar, námsgögnum, kennslu, vinnuframlagi nemenda, lærdómi, aga, yfirferð á námsefni, útskýringum kennara og samskiptum kennara og nemenda. Þegar niðurstöður könnunarinnar liggja fyrir ræðir skólastjóri við hvern kennara um niðurstöður hans áfanga og kennslu sem og önnur mál er snúa að vinnustaðnum. Ekki eru formleg starfsmannasamtöl við aðra starfsmenn en þeim gefinn kostur á að koma og ræða ýmis málefni við skólastjóra sem snúa að skólanum.<sup>8</sup> Í rýnihópum kom fram að almennt væri mjög gott aðgengi að yfirstjórn skólans. Skiptar skoðanir voru um hvort innleiða bæri formlegri starfsmannasamtöl við alla starfsmenn og hve oft þau ættu að vera. Margir sögðu slík samtöl, þar sem rætt væri um fleiri mál en niðurstöður nemendakönnunar, mikilvæg.

Tafla 6 sýnir starfsmannaveltu skólans og ráðningar árin 2009-2013. Í töflu 7 má sjá starfsaldur starfsfólks og kennara við skólann. Skólastjóri segir að starfsmannavelta hafi

<sup>7</sup> Starfsmannahandbók Ví

<sup>8</sup> Athugasemdir skólastjóra við gagnalista

verið lítil, kennarar sem hafi verið sagt upp störfum hafi verið tímabundið ráðnir og ekki hafi verið frekari verkefni fyrir þá.<sup>9</sup>

Tafla 6. Yfirlit yfir starfsmannaveltu skólans árin 2009-2012

Ár	Hætta v.aldurs	Segja upp	Hætta v.tímabundinnar ráðningar	Sagt upp	Nýráðnir	Tímabundnar ráðningar
2009	1	0	7	1	3	5
2010	0	0	1	0	1	1
2011	2	5	5	1	4	2
2012	4	3	1	0	8	5
2013	2	0	0	0	2	3

Tafla 7. Meðalstarfsaldur starfsfólks skólans.

Starfsmenn	Meðal starfsaldur	Starfsaldur flestra
Allir starfsmenn	11,8 ár	6 ár
Kennarar	13,2 ár	7 ár

### 2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna

*Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur: 1) meistaraþrófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólástigi; eða 2) öðru námi sem jafngildir meistaraþrófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólástigi; eða 3) meistaraþrófi í iðngrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólástigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða 4) fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólástigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu og uppeldisfræði.<sup>10</sup>*

Í skólasamningi milli skólans og mennta- og menningarmálaráðuneytisins segir að það sé markmið skólans frá og með skólaárinu 2013-2014 að allir kennarar hans hafi kennsluréttindi.<sup>11</sup> Allir fastráðnir kennarar skólans nema einn hafa full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Sá stefnir á að sækja sér réttindi skólaárið 2014-2015. Allir eru þeir menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna. Í töflu 8 er að finna upplýsingar um menntun kennara. Skólinn hefur starfsmannahandbók en þar er m.a. að finna upplýsingar um sögu skólans, nám, próf, viðbragðsáætlanir, eineltisáætlun, starfsmenn, starfsmannastefnu, sjálfsmat, viðburði o.fl.<sup>12</sup>

<sup>9</sup> Athugasemdir skólastjóra við gagnalista

<sup>10</sup> Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 5. gr.

<sup>11</sup> Skólasamningur VÍ og ráðuneytisins

<sup>12</sup> Starfsmannahandbók VÍ

Tafla 8. Menntun kennara haustið 2014.

Menntun	Fjöldi
Minna en BA / BS / B.ed	1
BA / BS / B.ed	37
Viðbótarnám án MS	7
MA / M.sc / M. Ed	34
Doktorspróf	1

Skólinn hefur ekki skriflegt ferli fyrir móttöku nýrra kennara en móttakan er á höndum deildarstjóra. Fyrir nokkrum árum fengu nýliðarnir reynda kennara, *mentora*, sem leiðbeindu og studdu. Í sparnaðarskygni var slíkt fyrirkomulag lagt niður eftir hrún. Það var ríkjandi viðhorf kennara í rýnihópum að fyrra fyrirkomulag hefði reynst vel og væri nauðsynlegt. Skriflegt ferli fyrir móttöku nýrra kennara og annarra starfsmanna þyrfti að vera til og því fylgt eftir.

### 2.2.3. Sí- og endurmenntun

Skólinn hefur ekki skriflega sí- og endurmenntunaráætlun. Að sögn skólustjóra er starfsmönnum gert kleift að sækja námskeið og ráðstefnur sem oftast er styrkt af skólanum. Einnig séu haldin námskeið innanhúss ásamt því að utanaðkomandi sérfræðingar séu kallaðir til eftir þörfum.<sup>13</sup> Skólustjóri og yfirkennari segja skólann reyna að stuðla að endurmenntun þegar þörf krefji, þ.e. þegar skólinn vilji efla þekkingu t.d. á fjarkennslu og upplýsingatækni eða til að fylgja eftir öðrum markmiðum sem skólinn setur. Skólinn skyldi ekki kennara til að tileinka sér nýja þekkingu, en hún sé í boði.

Í vinnustaðagreiningu sem skólinn lagði fyrir starfsmenn vorið 2013 kemur fram að tæplega 48% finnst að skólinn stuðli vel að endurmenntun.<sup>14</sup> Kennarar í rýnihópum sögðu framboð að mestu leyti nægilegt. Það sem hamli þeim í að sækja sér endurmenntun sé fyrst og fremst kennslan þar sem flest námskeið og fyrirlestrar séu haldnir á vinnutíma. Því þurfi ýmist að fella niður kennslu eða finna kennara til að leysa viðkomandi af. Almennt fái þeir þó stuðning frá stjórnendum sem reyni að koma til móts við þá með afleysingu. Eins borgi skólinn oft fyrir námskeið og alþjóðasamstarf. Mikil endurmenntun hafi verið í kringum ný lög og endurskipulagningu skólastarfsins. Það viðhorf kom fram að ekki sé mikil endurmenntun á vegum skólans, „en ef þú sýnir frumkvæði þá færð þú að fara.” Hins vegar væru mörg þeirra námskeiða og fyrirlestra sem stæðu þeim til boða of kostnaðarsöm, sem dragi úr þátttöku. Fram kom hjá yfirstjórn að markvisst átak þyrfti að gera í endurmenntun.

<sup>13</sup> Athugasemdir skólustjóra við gagnalista

<sup>14</sup> Vinnustaðagreining VÍ apríl 2013

#### 2.2.4. Starfsánægja

Í vinnustaðgreiningu vorið 2013 kemur fram að spurningar um ánægju í starfi (4,11), hversu líklegt sé að starfsmaður hætti störfum (4,14) og starfsanda (3,85), eru á starfhæfu bili (3,70-4,19). Þremur af hverjum fjórum starfsmönnum finnst vera gott jafnvægi milli vinnu og einkalífs. 83% segjast hafa flest eða allt af þeim búnaði og aðstöðu sem nauðsynlegt sé til að inna starfið vel af hendi.<sup>15</sup> Í viðtölum og rýnihópum endurspegluðust þessi viðhorf.

### 2.3. Áherslur og stefna skólans

Hlutverk og markmið Verzlunarskóla Íslands eru eftirfarandi:

- *Auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis, sem og gagnvart öðrum þjóðum, með því að efla og veita almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhalds- og háskólastigi*
- *Áhersla er lögð á að búa sem best að margvíslegum þörfum nemenda.*

Skólinn hefur í samvinnu við starfsfólk sett sér gildi sem lögð eru til grundvallar öllu starfi skólans. Þessi gildi eru:

- **Hæfni:** *Við viljum kunna okkar fag og sýna alúð og metnað í starfi. Búa yfir færni til miðlunar og samskipta og hafa frumkvæði að því að tileinka okkur nýjungar.*
- **Ábyrgð:** *Sinna starfi okkar og námi af heilindum og trúmennsku. Gætum að orðspori skólans og þeirra sem þar starfa með því að vera góðir málsvarar og fyrirmynd.*
- **Virðing:** *Sýnum hvert öðru skilning og virðum ólík viðhorf og skoðanir. Verum umburðarlynd og ástundum stundvísi og áreiðanleika.*
- **Velliðan:** *Við viljum leggja grunn að jákvæðu andrúmslofti og gagnkvæmu trausti þar sem vel er búið að starfsfólki og nemendum.*

Meginmarkmið um nám við skólann eru:

- *Að brautskráðir nemendur verði færir um að takast á við nám í háskóla eða sérskóla á háskólastigi.*
- *Að brautskráðir nemendur verði færir um að stunda rekstur og viðskipti og gegna stjórnunarstörfum í íslensku atvinnulífi.*

Í skólanámskrá segir að til þess að skólinn nái markmiðum um nám þurfi námsframboð hans að taka mið af kröfum skóla á háskólastigi til nýnema og skólinn þurfi að aðlagast síbreytilegum aðstæðum og þróun samfélagsins. Einnig sé það markmið skólans að vera í fremstu röð er varðar þróun á sviði upplýsinga- og tölvutækni svo nemendur hans séu tilbúnir til að hefja störf í tæknivæddu nútíma samfélagi.<sup>16</sup>


#### 2.3.1. Endurskoðun stefnu m.t.t laga um framhaldsskóla frá árinu 2008

Að sögn stjórnenda hafa skólanefnd, starfsmenn og nemendur tekið þátt í mótun stefnu skólans. Vorið 2012 var að frumkvæði skólanefndar Verzlunarskólans unnið að nýrri stefnumótun hans. Ásamt skólanefndinni tóku um 15 starfsmenn skólans þátt. Tilgangurinn var að ræða *hvernig menn sæju Verzlunarskólann þróast næstu árin*. Ýmsar hugmyndir

<sup>15</sup> Vinnustaðgreining VÍ apríl 2013

<sup>16</sup> Skólanámskrá VÍ





Mynd 1. Meginstef í framtíðarsýn Verzlunarskóla Íslands.

komu fram, m.a. um breytingar á kennsluháttum, notkun tölvutækninnar í ríkari mæli við kennslu o.fl. Í kjölfarið var efnt til *Framtíðarþings* með „þjóðfundarsniði“ þar sem nemendum VÍ og starfsmönnum var boðið að ræða málefni skólans. Fjórir nemendur úr hverjum bekk voru valdir af handahófi til þátttöku, alls um 200 nemendur og 60 manns úr hópi starfsfólks. Valdir voru 31 lóðs úr hópi nemenda og var hlutverk þeirra var að stýra umræðum á hverju borði. Málaflokkar umræðunnar voru: Nám – námsinnihald, kennsla – kennsluaðferðir, aðstaða – aðbúnaður, félagslíf, skólareglur, skólabragur, þjónusta og stuðningur, tækifæri-annað. Mjög mikið af hugmyndum og tillögum komu fram á fundinum.<sup>17</sup> Þær hafa að sögn stjórnenda og skólanefndar nýst vel við endurskipulagningu skólastarfsins. Stefnt er að því að Framtíðarþing verði haldið á fjögurra ára fresti, þ.e. einu sinni á námstíma hvers og eins nemanda.

Á fundi skólanefndar vorið 2013 var samþykkt að hafin skyldi vinna við endurskipulagningu með það að markmiði að stytta námstíma til stúdentsprófs um eitt ár í samræmi við stefnu Viðskiptaráðs. Að sögn fulltrúa í skólanefnd hefur atvinnulífið sýnt

<sup>17</sup> Framtíðarþing VÍ 2012

mikinn áhuga á styttingu náms til stúdentsprófs. Meginstef í framtíðarsýn Verzlunarskóla Íslands má sjá á mynd 1.<sup>18</sup>

Til að vinna að innleiðingu nýrrar námskrár og styttingu náms til stúdentsprófs hafa verið ráðnir tveir verkefnisstjórar, annar í 50% starfi en hinn í 25%. Stefnt er að því að innrita fyrstu nemendur skv. nýju skipulagi haustið 2015.<sup>19</sup> Að sögn stjórnenda var ákvörðun skólanefndar kynnt á kennarafundi og óskað eftir þátttöku kennara í breytingunum gegn greiðslu. U.þ.b. 50 kennarar taka þátt í innleiðingunni í fjórum hópum, auk verkefnastjórnanna. Hóparnir hafa gert tillögur að brautum og námsmati sem eftir er að móta enn frekar.

Í rýnihópum kennara og starfsmanna kom fram að gott væri hve margir væru þátttakendur í stefnumótunarvinnunni og væru vel inni í því sem væri að gerast. Staðan væri reglulega kynnt á fundum. Einnig kom fram það viðhorf „þetta er allt meira og minna ákveðið að ofan.“ Fulltrúar í skólanefnd sögðust leggja áherslu á að útfærsla og framkvæmd stefnu skólans væri í höndum kennara og stjórnenda. Í rýnihópi kennara sögðust margir stoltir af stefnunni og sérstaklega hversu vel sé búið að viðskiptagreinum. Foreldrum var ekki boðin þátttaka í framtíðarþinginu og segjast skólastjórnendur harma þau mistök.

### 2.3.2. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum

Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum, báðar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Þar segir: *Einelti er ekki liðið við Verzlunarskóla Íslands. Komi upp grunur um einelti innan skólans er tekið á þeim málum og þau sett í ákveðið ferli skv. viðbragðsáætlun.* Markmið stefnunnar eru:<sup>20</sup>

- *Að til sé skilvirkt ferli sem fylgt er þegar upp koma ábendingar um hugsanlegt eða staðfest einelti.*
- *Að ferli eineltismála sé ljóst öllum þeim sem að skólasamfélaginu koma og upplýsingar um það séu aðgengilegar.*
- *Að vera forvarnaráætlun.*
- *Að stuðla að jákvæðum samskiptum.*

Í viðbragðsáætlun kemur fram að vitneskju um einelti skuli tilkynna til umsjónarkennara, námsráðgjafa eða stjórnenda en eineltisteymi skólans kannar allar ábendingar. Einnig er hægt að tilkynna grun um einelti í gegnum heimasíðu skólans. Í eineltisteymi skólans sitja stjórnendur skólans, námsráðgjafar og lífsleiknikennari ásamt umsjónarkennara nemenda ef við á. Teymið fundar a.m.k. einu sinni á önn.<sup>21</sup> Sjá nánar um einelti í kafla 6.2.

<sup>18</sup> Gögn frá formanni skólanefndar

<sup>19</sup> Ársskýrsla VÍ 20113

<sup>20</sup> Heimasíða VÍ – Eineltisáætlun Verzlunarskóla Íslands

<sup>21</sup> Heimasíða VÍ – Eineltisáætlun Verzlunarskóla Íslands

### 2.3.3. Jafnréttisstefna

*Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína.<sup>22</sup>*

Líkt og lög nr. 10/2008 segja fyrir um hefur skólinn sett sér jafnréttisáætlun og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2012-2015. Áætlunin var unnin af hópi nemenda og kennara. Aðrir viðmælendur sögðust ekki hafa komið að gerð áætlunarinnar. Í áætluninni eru sett fram markmið, aðgerðir, ábyrgð og tímarammi. Meðal verkefna í áætluninni er launa- og fríðindagreining m.t.t. kyns ásamt upplýsingum um réttindi starfsfólks og hefur sú greining verið gerð. Önnur verkefni í áætluninni eru fræðsla um kynferðislega áreitni, einelti o.fl. Í sjálfsmatsskýrslu skólans er eitt af markmiðum matsins að jafnréttisáætlun sé virk og eftir henni sé farið. Því markmiði hafi ekki verið náð og umbætur skuli felast í að farið verði eftir áætlun og rætt um jafnréttismál á starfsmannafundum.<sup>23</sup> Fram kom hjá stjórnendum og starfsmönnun að til standi að endurskoða jafnréttisáætlun skólans m.a. með tilliti til jafnræðis varðandi minnihlutahópa og yfirfæra betur á nemendur.

Hlutfall kynja í hópi starfsmanna er 34% karlar og 66% konur og hlutfall kynja í stjórnun er 45% karlar og 55% konur. Deildarstjórastöður eru ekki skilgreindar sem stjórnendastöður en kynjahlutfall í þeim er 27% karlar og 73% konur. Sjá kafla 6.4 um jafnrétti meðal nemenda.

Almennt sögðu starfsmenn að jafnréttis væri gætt í skólanum meðal starfsfólks og að þeir teldu að ekki væri munur á aðstöðu eða kjörum starfsmanna eftir kyni. Í rýnihópi kennara kom fram að fjölga þyrfti karlmönnum við skólann. Að sögn stjórnenda eru konur í meirihluta bæði meðal starfsmanna og nemenda en skólinn hafi ekki farið í neinar aðgerðir til þess að fjölga karlmönnum. Við ráðningar sé reynt að hafa í huga að jafna hlutfallið en menntun og hæfni ráði þó mestu.

### 2.3.4. Forvarnar- og lýðheilsustefna

Skólinn hefur stefnu í heilsumálum í tengslum við þátttöku skólans í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*, sjá nánar í kafla 2.3.5. Stefnunni er ætlað að hafa áhrif á allar daglegar venjur og starf í skólanum. Stefnan tekur til sex þátta; næringar, öryggis, hollustu, hreyfingar, geðræktar og heilbrigðs lífsstíls. Fyrir hvern þátt er skilgreint markmið og leiðir að því markmiði.<sup>24</sup> Við skólann er forvarnaráð, sjá nánar kafla 6.6. Í forvarnarstefnu kemur fram að markmið skólans séu:

- að vinna að viðhorfsbreytingu sem hvetur til vímulauss lífarnis,

<sup>22</sup> Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 13.gr.

<sup>23</sup> Sjálfsmatsskýrsla VÍ 2012-2013

<sup>24</sup> Heilsueflandi framhaldsskóli

- að fá nemendur til að taka gagnrýna afstöðu til ávana og fíkniefna og vinna gegn hverskyns sjálfseyðandi hegðun.

Í könnun *Rannsóknar og greiningar* árið 2013 kemur fram að í samanburði milli framhaldsskóla er hlutfall þeirra nemenda VÍ sem reykja daglega 1,2%, en 7,6% á landsvísu. Hlutfall nemenda VÍ sem höfðu orðið ölvaðir s.l. 30 daga er 58,2%, en 48,8% á landsvísu. Almennt neyta nemendur VÍ annarra vímuefna minna en nemendur annarra framhaldsskóla. Stjórnendur segja að markvisst hafi verið unnið að því að draga úr neyslu áfengis og vímuefna og því voru foreldrar og náms- og starfsráðgjafar sammála. Nemendaferðir séu ekki farnar án starfsmanna og reykingar séu alls staðar bannaðar. Framlag skólans til skólaferða sé háð því að allir hegði sér vel.

### 2.3.5. Heilsueflandi framhaldsskóli

Skólinn tekur þátt í verkefnum *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Þar er byggt á þeirri stefnu að nálgast forvarnir út frá jákvæðu og víðu samhengi og stuðla þannig að auknum árangri og meiri vellíðan í skólasamfélaginu. Skipaður hefur verið stýrihópur vegna verkefnisins en samsetning hans er mismunandi milli ára eftir því hvaða málefni er tekið fyrir hverju sinni. Skólaárið 2013-2014 er lögð áhersla á geðrækt en stýrihópurinn skipa yfirkennari, námsráðgjafar og nokkrir kennarar. Lýðheilsustöð heldur utan um verkefnið sem fjölmargir framhaldsskólar taka þátt í, en verkefnið var þróað í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og *Samband íslenskra framhaldsskólanema* (SÍF) undir formerkjum HOFF samstarfsins, Heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum.

Megináherslur verkefnisins eru á fjögur þemu; *næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl* en miðað er við að eitt viðfangsefni sé tekið fyrir á hverju skólaári. Hafi skólinn uppfyllt viðeigandi lágmarkskröfur öðlast hann bronsviðurkenningu en silfur og gullviðurkenning er í boði fyrir skóla sem uppfylla kröfur þar umfram.<sup>25</sup> Mötuneyti nemenda hefur verið breytt og vöruúrval þess endurskotið til þess að ná markmiðum verkefnisins, m.a. hefur gos og sælgæti verið fjarlægð.<sup>26</sup> Skólinn hlaut gull fyrir næringu og silfur fyrir hreyfingu. Í rýnihópum starfsmanna og nemenda komu fram ólík viðhorf til mötuneytisins. Sumir sögðu mötuneytið framúrskarandi og að metnaður væri lagður í að hafa hollan mat. Aðrir sögðu að of mikið væri um grænmetisrétti og enn aðrir að maturinn væri of dýr. Geðræktaráætlunin er unnin með nemendum og fram kom að samstarfið hafi skilað góðum árangri.

### 2.3.6. Umhverfisstefna

Skólinn hefur markað sér umhverfisstefnu, en hún er ekki til skrifleg ennþá. Haustið 2013 sótti skólinn um aðild að grænfánaverkefnum og er nú *Skóli á grænni grein*. Skipaður var sérstakur verkefnastjóri sem heldur utan um verkefnið og einnig var skipuð umhverfisnefnd.

<sup>25</sup> Heilsueflandi framhaldsskóli

<sup>26</sup> Skólanámskrá VÍ

### 2.3.7. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt

Verzlunarskóli Íslands er sjálfseignarstofnun og á ekki í sérstöku samstarfi við Reykjavíkurborg.

## 2.4. Húsnæði og aðbúnaður

Skólinn er í 10.750 fm<sup>2</sup> húsnæði með 49 kennslustofum, þremur fyrirlestrarsölum, þremur tölvustofum (28 tölvur í hverri), þremur tölvuverum (15 tölvur í hverju), þremur raungreinastofum, tveimur íþróttasölum, bókasafni, aðstöðu til lestrar og gagnaöflunar og lessal með 30 lesbásam.<sup>27</sup> Þeir sem rætt var við í úttektinni sögðu aðbúnað skólans almennt mjög góðan. Móttaka skólans mætti þó vera sýnilegri fyrir gesti hans, en hún er á þriðju hæð, og vinnuaðstaða kennara væri ekki alls staðar góð, sumir væru í gluggalausum herbergjum. Einnig mættu vera fleiri vinnuherbergi fyrir nemendur og stólar og borð væru í einhverjum tilfellum ekki í hentugri stærð. Flestir viðmælendur kvörtuðu yfir lélegu netsambandi sem gerði skólanum oft mjög erfitt fyrir að nýta upplýsingatækni til hlítar.

Bókasafni skólans er ætlað að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og starfsfólk. Rafræn skrá yfir efni safnsins er aðgengileg á heimasíðu skólans. Allt efni safnsins er tölvuskráð en í skránni eru rúmlega 19.000 færslur. Á fjórðu hæð skólahúsnæðis er afgreiðsla bókasafnsins, bókakostur, tímarit, tölvur, les- og vinnuaðstaða, geymsla og hópvinnuherbergi/fundarherbergi. Á þriðju hæð er sérútbúin lesstofa og verkefnastofa, Verið, þar sem eru 14 tölvur. Á vefsíðu safnsins er lögð sérstök áhersla á að veita aðgang að rafrænu efni m.a. með tengingum í gagnabanka, rafræn tímarit og bækur, leitarvefi o.fl.<sup>28</sup> Mikil ánægja með bókasafnið kom fram hjá viðmælendum. Safnið uppfylli þarfir skólans og starfsmenn sýni mikla umhyggju og hjálpssemi.

### 2.4.1. Eftirlit úttektaraðila

Vinnueftirlitið gerði úttekt á húsnæði og aðbúnaði skólans 2013. Úttekt á húsnæðinu leiddi í ljós að skipulag innra vinnuverndarstarfs skólans uppfyllti ekki lágmarksákvæði gildandi laga og reglna en vinnuaðstæður uppfylltu í meginatriðum þau ákvæði. Skólanum hafði ekki borist skýrsla Vinnueftirlitsins fyrir en óskað var eftir henni af úttektaraðilum og því hefur skólinn ekki brugðist við athugasemdum hennar. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins tók út brunavarnir skólans 2013 þar sem gerðar voru óverulegar athugasemdir. Heilbrigðiseftirlitið framkvæmdi skoðun á skólanum 2013 en gerði engar athugasemdir.

### 2.4.2. Öryggisnefnd skólans

Við skólann er starfrækt öryggisnefnd. Hana skipa húsvörður, yfirkennari og tveir kennarar. Hlutverk öryggisnefndar er að gæta þess að aðbúnaður sé við hæfi og að öryggis þeirra sem

<sup>27</sup> Ársskýrsla VÍ 2013

<sup>28</sup> Skólanámskrá VÍ

innan skólans starfa sé gætt - nemenda, kennara og annarra starfsmanna. Að sögn stjórnenda hefur öryggisnefnd fundað í kjölfar athugasemda Vinnueftirlitsins og mun gera tillögur til úrbóta.

## 2.5. Lög og reglugerðir

Miklar breytingar eru að verða á skólastarfi Verzlunarskóla Íslands í kjölfar setningar laga um framhaldsskóla frá árinu 2008. Í sjálfsmatskýrslu skólans 2012-2013 kemur fram að eitt af markmiðum matsins sé að innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla verði lokið í ágúst 2013 og starfað verði samkvæmt þeim frá hausti 2014. Þetta markmið hafi ekki náðst þar sem ekki hafi tekist samningar milli kennara og ríkis. Í skólasamningi milli skólans og mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2013 kemur fram að markmið skólans sé að lög um framhaldsskóla verði að fullu innleidd í ágúst 2014 og skólinn starfi skv. þeim frá hausti 2015. Umbætur í kjölfarið eru þær að skólinn greiði fyrir gerð áfangalýsinga og ráðinn hafi verið starfsmaður í námskrárvinnu.<sup>29</sup> (Sjá nánar í kafla 2.3.1. og kafla 3).

## 2.6. Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur rekstur orðið erfiðari að sögn skólastjóra. Gripið hafi verið til ráðstafana til að minnka kostnað s.s. með því að fjölga nemendum í bekkjum og reyna að forðast að hafa litla hópa. Alvarlegustu afleiðingarnar hafi þó verið að niðurskurður hafi komið mikið niður á fjarnámi skólans. Heimildir skólans hafi verið skertar um helming og ársnemendum hafi fækkað um 106. Þennan niðurskurð staðfesta aðrir stjórnendur og kennarar. Þeir segjast einnig finna fyrir meira álagi þar sem fleiri störf séu á færri höndum, fé til félagstarfs hafi verið skorið mikið niður og forvarnarstarfið nánast tekið út. Kennarar segja niðurskurðinn hafa komið niður á verklegri kennslu, formleg leiðsögn við nýja kennara hafi fallið niður, erfiðara sé að sækja endurmenntun á skólatíma og einnig sé brýnt að bæta þráðlaust net skólans. Umsjónarmaður fasteigna segir loftræstikerfi skólans dýrt í rekstri og þá þurfi að spara annars staðar en reynt sé að forgangsraða.

## 2.7. Námsbrautir

Við skólann eru fimm námsbrautir auk fjarnáms. Nám á brautum skólans, að undanskilinni verslunar- og frumkvöðlabraut og fjarnámi, er hugsað sem fjögurra ára nám fyrir nemendur sem lokið hafa grunnskólaprófi. Að loknu tveggja ára námi ljúka nemendur verslunarprófi og

---

<sup>29</sup> Sjálfsmatskýrsla VÍ 2012-2013

stúdentsprófi eftir tvö ár til viðbótar.<sup>30</sup> Hér á eftir verður fjallað nánar um hverja og eina braut.<sup>31,32</sup>

#### 2.7.1. Félagsfræðibraut

Innan brautarinnar er boðið upp á eina leið innan kjörsviðs, alþjóðasvið. Markmið með námi brautarinnar er að *veita nemendum góðan grunn í sögu og menningu helstu viðskiptalanda okkar* ásamt því að áhersla er á að kynna fyrir nemendum helstu alþjóðastofnanir og starfsemi þeirra. Námið veitir góða undirstöðu fyrir frekara nám í þjóðfélagsgreinum, viðskiptum, almannatengslum og fréttamennsku á háskólastigi. Brautin er 143 einingar, þar af 101 einingar í kjarna, 36 einingar á kjörsviði og 6 einingar í frjálsum vali.

#### 2.7.2. Málabraut

Innan brautarinnar er boðið upp á eina leið innan kjörsviðs, málsvið. Markmið með námi brautarinnar er að *búa nemendur undir tungumála- og hugvísindanám á háskólastigi* ásamt því að *höfudáhersla er á helstu þjóðtungur Evrópulanda og að veita nemendum innsýn í fræðiheim málvísinda*. Námið veitir góða undirstöðu fyrir frekara nám í tungumálum á háskólastigi og undirbýr nemendur undir þátttöku í heimi alþjóðasamskipta. Brautin er 143 einingar, þar af 104 einingar í kjarna, 33 einingar á kjörsviði og 6 einingar í frjálsum vali.

#### 2.7.3. Náttúrufræðibraut

Innan brautarinnar er boðið upp á tvær leiðir innan kjörsviðs, eðlisfræðisvið og líffræðisvið. Markmið með námi brautarinnar er að *búa nemendur undir frekara nám á háskólastigi í verkfræði, læknisfræði, raunvísindum og öðrum greinum þar sem stærðfræði og raungreinamenntunar er krafist*. Á eðlisfræðisviði er lögð áhersla stærðfræði og eðlisfræði en líffræði, efnafræði og stærðfræði á líffræðisviði. Brautin er 143 einingar, þar af 98 einingar í kjarna, 39 einingar á kjörsviði og 6 einingar í frjálsum vali.

#### 2.7.4. Viðskiptabraut

Innan brautarinnar er boðið upp á tvær leiðir innan kjörsviðs, hagfræðisvið og viðskiptasvið. Áhersla er lögð á *viðskiptagreinar og aðrar skyldar greinar þannig að nemendur geti haldið áfram námi í háskóla, í sérskólum á háskólastigi eða farið út á vinnumarkaðinn að loknu stúdentsprófi*. Brautin er 144 einingar, þar af 99 einingar í kjarna, 39 einingar á kjörsviði og 6 einingar í frjálsum vali.

#### 2.7.5. Verslunar- og frumkvöðlabraut

Innan brautarinnar er boðið upp á eina leið innan kjörsviðs, þ.e. verslunar- og frumkvöðlasvið. Brautin er tveggja ára nám á fjórum önnum og hugsað fyrir *útskrifada*

---

30 Heimasíða VÍ – Saga skólans

31 Heimasíða VÍ · Námsframboð

32 Skólanámskrá VÍ

*nemendur úr 10. bekk sem ekki hyggjast leggja stund á nám til stúdentsprófs en vilja mennta sig til þess að auka forskot á vinnumarkaði. Markmið með náminu er að búa nemendur undir störf í verslun og við þjónustu, að efla almenna og persónulega færni nemenda til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni á vinnumarkaði, að veita nemendum faglegar forsendur til að sjá um verkefnastjórnun, að efla kunnáttu og þor til að takast á við ný námstækifæri á vettfangi starfs eða skóla, að efla tölvunotkun og kunnáttu í helstu forritum sem eru notuð í námi. Brautin undirbýr nemendur fyrir störf við verslun og þjónustu ásamt því að gefa nemendum innsýn í rekstur og stofnun fyrirtækja. Brautin er 70 einingar, allar í kjarna. Brautin er ekki kennd skólaárið 2013-2014.*

#### 2.7.6. Fjarnám

Skólinn býður upp á fjarnám í nær öllum áföngum sem kenndir eru í skólanum til verzlunar- og stúdentsprófs auk fjölmargra annarra áfanga í áfangaskóla á framhaldsskólastigi. Markmið námsins er: *Að koma til móts við nemendur sem ekki eru skráðir í dagskóla, en vilja þó taka nám á framhaldsskólastigi en geta ekki vegna búsetu, atvinnu, eða annarra aðstæðna sótt nám í dagskólum landsins. Að koma til móts við nemendur Verzlunarskólans sem þurfa að taka áfanga sem ekki eru í boði fyrir bekkinn þeirra. Þetta eru nemendur sem hafa fallið í áfanga á fyrri önn, komið úr öðrum skólum, skipt um braut, skipt um bekk, dveljast erlendis um tíma eða vilja bæta við sig áfanga vegna fyrirhugaðs framhaldsnáms. Að koma til móts við aðra framhaldsskóla með því að bjóða nemendum þeirra nám í áföngum sem ekki eru kenndir í þeirra skólum þá önnina sem nemendur þurfa á þeim að halda. Á hverju skólaári eru þrjár annir, haust, vor og sumar. Skólinn nýtir kennslukerfið Moodle í fjarkennslu.*

## 2.8. Mat úttektaraðila

- Verzlunarskóli Íslands er einn elsti framhaldsskóli landsins og hefur þá sérstöðu að vera sjálfseignarstofnun undir vernd og umsjón Viðskiptaráðs Íslands með það meginhlutverk *að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs* og hefur skólinn alla tíð haft tengsl við atvinnulífið. Undanfarið hefur verið unnið að innleiðingu laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Mun skólinn hefja kennslu skv. nýrri skólanámskrá haustið 2015 og verður með fyrstu framhaldsskólum til þess. Með nýrri skipan náms verður almennt gert ráð fyrir að nemendur ljúki námi á þremur árum.
- Umsóknum í skólann hefur fækkað um tæp 7% frá árinu 2010 en hlutfall samþykktra umsókna hækkaði úr 45% árið 2010 í 48% árið 2013 og því eru nýnemar álíka margir bæði árin. Kann það að eiga skýringu í því að aðeins nemendur með afbragðseinkunnir fá skólavist en meðaleinkunn nýnema úr grunnskóla er 8,8.
- Brottfall nemenda er mjög lítið, rétt um 1%. Að mati úttektaraðila liggja nokkrar ástæður að baki því hversu lítið brottfall er í skólanum: 1. Skólinn velur nemendur



inn að mestu leyti á grundvelli einkunna og nemendur því almennt námslega sterkir. 2. Miðannarmat námsráðgjafa metur stöðu nemenda og kannar undirliggjandi ástæður fyrir frávikum og bregst við ef þurfa þykir. 3. Bekkjarkerfi þar sem nemendur veita hver öðrum félagslegt aðhald og umsjónarkennari fylgist almennt vel með frammistöðu og líðan nemenda. Til samanburðar má nefna að Hagstofa Íslands skoðaði brottfall úr framhaldsskólum 2002-2003 og var það þá 19,3% miðað við öll kennsluform.<sup>33</sup> Í úttekt á Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 2011<sup>34</sup>, kom fram að brottfall þar var árin 2008-2011 á bilinu 3,6%-5,3%. Brottfall í Menntaskólanum að Laugarvatni var að meðaltali 7% skólaárin 2009- 2012.<sup>35</sup> Í Kvennaskólanum hefur brottfall verið um 2%.<sup>36</sup> Ólíkar skilgreiningar eru til á brottfalli og ætla má að þeir nemendur sem fara frá einum skóla í annan séu í einhverjum tilfellum taldir til brottfallsnemenda.

- Starfsmenn eru 110 í 114,5 stöðugildum. Starfsmannavelta er lítil og meðalstarfsaldur allra starfsmanna við skólann er 11,8 ár. Starfsánægja mældist vorið 2013 á starfhæfu bili (3,70-4,19). Þessi viðhorf endurspegluðust á fundum og í rýnihópum. Að mati úttektaraðila mætti rýna betur í starfsanda sem mældist 3,85, eða 0,15 fyrir ofan svonefnt aðgerðabil. M.a. kom það viðhorf fram að ákveðið agaleysi viðgengist í skólanum, þ.e. að skólareglum sé ekki fylgt eftir eða brugðist við brotum á þeim með afgerandi hætti.
- Kynjahlutfall nemenda er 58,4% konur og 41,6% karlar og kynjahlutfall starfsmanna 66% konur og 34% karlar. Í yfirstjórn skólans eru jafnt hlutfall kynja, en í allri stjórnun skólans er hlutfall kynja 45% karlar og 55% konur. Til fyrirmyndar er að gerð hefur verið launa- og fríðindagreining m.t.t. kynja. Námsval nemenda, eftir að leiðrétt hefur verið fyrir kynjahlutfalli í nemendahópnum, er ekki áberandi kynskipt nema á málabraut, en þar eru mun færri strákar. Því markmiði sjálfsmatsins að jafnréttisáætlun sé virk og eftir henni sé farið virðist ekki að fullu hafa gengið eftir og því virðist skólinn ekki uppfylla jafnréttisstefnu sína að öll leiti en til stendur að endurskoða hana.
- Í sjálfsmatsskýrslu skólans er eitt af markmiðum matsins að jafnréttisáætlun sé virk og eftir henni sé farið. Því markmiði hafi ekki verið náð og umbætur skuli felast í að farið verði eftir áætlun og rætt um

33 Hagtiðindi ágúst 2004

34 Úttekt á Menntaskólanum við Hamrahlíð 2010

35 Úttekt á Menntaskólanum að Laugarvatni 2013

36 Úttekt á Kvennaskólanum í Reykjavík 2014

- Kennarar skólans eru menntaðir á sínu fagsviði og hafa full réttindi til kennslu í framhaldsskóla með einni undantekningu. Um 40% þeirra hefur lokið meistaranámi. Það hlutfall mætti vera hærra að mati úttektaraðila sbr. lög nr. 87/2008.
- Skólinn hafði formlegra og samræmdara ferli fyrir móttöku nýrra kennara fyrir efnahagshrun en móttakan er nú í höndum einstakra deilda. Mikilvægt er að tryggja formlegra og samræmdara ferli sbr. starfsmannastefnu skólans: *Að taka með markvissum hætti á móti nýliðum og styðja þá í starfi.*
- Í starfsmannastefnu skólans er einn af meginþáttunum að bjóða upp á endurmenntun í samræmi við námsframboð skólans hverju sinni og reyna að koma til móts við óskir starfsmanna um endurmenntun. Formleg sí- og endurmenntunarstefna og -áætlun er ekki til staðar en vel tekið í beiðnir þar að lútandi. Mikil endurmenntun hefur verið í kringum ný lög og endurskipulagningu skólastarfsins og kennarar sækja sjálfir sí- og endurmenntun og þá einna helst í gegnum fagfélög. Framboð á endurmenntun kennara er að þeirra sögn að mestu nægilegt. Það sem hamlar endurmenntun einna helst er að námskeið og fyrirlestrar eru á vinnutíma og oft á tíðum kostnaðarsöm. Mikilvægt er að huga vel að markvissri endurmenntun allra starfsmanna með skipulögðum hætti út frá þörfum skólans og starfsfólks hans og nýta rafræna miðla eftir aðstæðum, en skólinn hyggst ráða starfsmann svo m.a. megi sinna þessum þætti betur. Starfsmenn eru hvattir til að nýta enn frekar sjóði stéttarfélaga til sí- og endurmenntunar.
- Í sameiginlegri framkvæmdaáætlun fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og KÍ vegna framhaldsskóla árið 2009 kemur fram að *ráðuneytið muni ganga eftir að stofnanir hafi virka starfsmannastefnu þar sem fram komi að þær uppfylli lágmarkskröfur um árleg starfsmannasamtöl þar sem starfslýsingar og starfsþróunaráætlanir starfsmanna eru yfirfarnar*<sup>37</sup>. Slík formleg starfsmannasamtöl hafa ekki verið regluleg undanfarin ár. Skólinn er hvattur til að sinna þessum þætti betur.
- Skólinn hefur eineltisstefnu og viðbragðaáætlun sjá nánar í kafla 6.2.
- Skólinn hefur forvarnar- og lýðheilsustefnu, tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*, hefur hlotið gullviðurkenningu fyrir næringu og silfur fyrir hreyfingu. Töluvert færri nemendur skólans reykja og neyta annarra vímuefna en áfengis á landsvísu og vinna foreldrar og starfsmenn skólans ötullega að því að draga úr áfengisneyslu nemenda sem er nokkru hærri en landsmeðaltalið. Almennt hafa nemendur góða sjálfsmynd og koma vel út í samanburði við sinn aldurshóp skv. niðurstöðum greininga.

<sup>37</sup> Sameiginleg framkvæmdaáætlun fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands vegna framhaldsskóla.

- Skólinn er *Skóli á grænni grein* og hefur umhverfisstefnu sem þó er ekki skrifleg. Í vinnu við skólanámskrá þarf að skjalfesta stefnuna.
- Húsnæði og aðbúnaður skólans uppfyllir að mestu þarfir skólans svo og bókasafnið, og þykja starfsmenn þess greiðvirkir. Betra netsamband var það sem helst brann á starfsmönnun og nemendum skólans og virðist hindra skólastarfið að einhverju leyti.
- Reglulegt eftirlit slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits fór síðast fram 2013. Öryggisnefnd skólans fundaði í kjölfar athugasemda og vinnur tillögur til úrbóta.
- Svo virðist sem hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshruns hafi að miklu leyti komið niður á fjarnámi skólans. Einnig hafa hópar orðið stærri og erfiðara að sækja endurmenntun á kennslutíma. Þá sögðu sumir starfsmenn álag hafa vaxið.
- Forvarnaráð er við skólann en fram kom í úttektinni að það væri lítið virkt. Mikilvægt er að skólastjóri fylgi starfi þess eftir en ráðið skal m.a. endurskoða forvarnarstefnu skólans árlega skv. skólanámskrá VÍ.
- Í skólanum eru fimm námsbrautir auk fjarnáms. Yfir 200 áfangar eru í boði í dagskóla og fjarnámi og unnið er að nýjum brautum.

### 3. SKÓLANÁMSKRÁ

*Sérhver framhaldsskóli skal gefa út skólanámskrá. Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skólanámskrár skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kys að kveða á um í skólanámskrá. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmiðum laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Um setningu námsbrautarlýsinga í skólanámskrá skal farið að ákvæðum 23. gr. Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.<sup>38</sup>*

Skólanámskrá hefur verið endurskoðuð árlega frá árinu 2010. Á heimasíðu skólans eru aðgengilegar skólanámskrár frá skólaárunum 2002 til 2005 og frá 2010 til 2014. Í almenna hluta skólanámskrár, sem er að grunni frá 2004, koma m.a. fram markmið skólans og megináherslur, umfjöllun um nefndir og ráð, hvernig stjórnskipan er háttað, skólareglur, stoðþjónusta við nemendur, námsframboð, jafnréttisáætlun, forvarnir, sjálfsmat og félagslíf. Í skólanámskrá er ekki greint frá samþættingu grunnþátta í skólastarfi né hverjir komu að gerð hennar.

Að sögn stjórnenda endurspeglar núverandi skólanámskrá skólann eins og hann er. Námskráin mun taka miklum breytingum á næstunni. Allir áfangar hafa verið endurskrifaðir á grundvelli nýrra laga. Kennt verður samkvæmt nýrri skólanámskrá Verzlunarskóla Íslands frá og með hausti 2015 þegar boðið verður upp á þriggja ára nám.

#### 3.1. Endurskoðun skólanámskrár

Endurskoðun skólanámskrár á grundvelli nýrra laga og aðalnámskrár er vel á veg komin að sögn stjórnenda. Í kjölfar lagasetningar hafi strax verið hafist handa en þegar ráðuneytið ákvað í upphafi skólaársins 2009 - 2010 að fresta gildistöku framhaldsskólalaga til hausts 2015 í stað 2011 hafi „vindurinn farið úr” vinnunni auk þess sem ágreiningur hafi verið um greiðslur til kennara. Komuð var upp nýrri braut, *Verzlunar- og frumkvöðlabraut*, til tveggja ára og fékkst styrkur til þess. Brautin hafi átt að vera í góðum tengslum við atvinnulífið en illa hafi gengið að fá aðstoð við þjálfun á vettvangi. Einnig reyndist ekki eftirspurn eftir náminu. Gríðarleg aðsókn er hins vegar í nám til stúdentsprófs á öllum brautum nema málabraut.

Vorið 2012 var að frumkvæði skólanefndar Verzlunarskólans unnið að nýrri stefnumótun skólans (sjá kafla 2.3.1.). Áframhaldandi vinna við nýja skólanámskrá hófst að

<sup>38</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, 22.gr.

sögn stjórnenda af fullum þunga í kjölfarið. Kennarar, stjórnendur, skólanefnd og nemendur hafa komið að mótun námskrárinnar, m.a. með Framtíðarþingi (sjá kafla 2.3.1).

Um 50 kennarar vinna í fjórum hópum að endurskoðun námskrár og fá þeir greitt fyrir vinnu sína. Hóparnir hafa gert tillögur að fjórum brautum; félagsfræði-, náttúrufræði-, og viðskiptabraut og opinni braut, ásamt námsmati. Tillögurnar á eftir að móta frekar. Lagt hefur verið til að allir nemendur þurfi að taka lágmark viðskiptagreina og ljúka verslunarprófi. Næstu skref eru að ákvarða grunnþætti og lykilhæfni sbr. aðalnámskrá, endurskoða mætingakerfi o.fl. Í rýnihópi kennara kom fram að kennarahópurinn væri orðinn virkari í umræðu, menn átti sig betur á að skólastarf þurfi að vera í stöðugri þróun, ný lög og aðalnámskrá „fái mann til að breyta hugarfari og koma nýjum orðum og hlutum að.” Unnið sé að endurskoðun kennsluhátta og skoðað hvernig megi virkja nemendur betur. Almenn ánægja sé með vikulega fundi, örnámskeið og vinnudaga. Það viðhorf kom einnig fram að „þirrandi væri að fá boð að ofan.” Allir væru hvort eð er alltaf að reyna sitt besta. Innleiðingin væri ákveðið tilraunastarf og enn vantaði betri leiðbeiningar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um innleiðingu aðalnámskrár, sér í lagi hvað varðar raungreinar. Verkefnastjóri stýrir ferlinu við aðlögun stefnu og skólanámskrár að nýrri aðalnámskrá. Að sögn margra viðmælenda skiptir það miklu máli.

### 3.1.1. Grunnþættir menntunar

Eins og fram hefur komið er næsta skrefið í námskrárvinnunni að setja niður hvernig unnið skuli með grunn- og lykilhæfni og flétta grunnþætti menntunar inn í námið eins og kveðið er á um í aðalnámskrá. Það viðhorf kom fram í rýnihópi kennara að grunnþætti og lykilhæfni á pappír gæti verið erfitt að útfæra í praktík. Í dag sé í náminu unnið að ákveðnu marki með grunnþættina lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, skapandi starf, menntun til sjálfbærni, læsi í víðasta skilningi og heilbrigði og velferð.

## 3.2. Tengsl skólastiga

*Fyrsta hæfniþrep framhaldsskólans skarast á við unglíngastig grunnskólans á þann hátt að lýsing á fyrsta hæfniþrepi framhaldsskólans er jafnframt lýsing á þeirri hæfni sem stefnt er að við lok grunnskóla.<sup>39</sup>*

Að sögn stjórnenda og kennara hefur skólinn lítil formlæg tengsl við grunnskóla nema það sem snýr að kynningum á skólanum. Grunnskólanemendur sækja fjarnám við skólann og hefur fjarnámsstjóri farið í grunnskóla og kynnt námið fyrir nemendum. Í skólaheimsóknnum fær hann upplýsingar um hvernig námið gangi sem hann kemur áfram til kennara Verzlunarskólans. Að hans sögn eru þessar upplýsingar ómissandi fyrir skólann til endurbóta á náminu. Eftir hrun hætti ríkið að greiða með grunnskólanemendum í fjarnámi en greiðir mótframlag með öðrum nemendum. Viðhorf stjórnenda skólans er hins vegar að

<sup>39</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:48

Þar sem skólinn bjóði áfangann hvort sem er og kostnaður við grunnskólanemana sé óverulegur hluti af heildinni sé rétt að hafa möguleika á fjarnámi áfram í boði fyrir þá. Fram kom hjá fjarnámsstjóra að grunnskólanemar séu oft á tíðum með hæstu meðaleinkunn í fjarnáminu og almennt drífandi námsmenn sem hafa lokið við námsefni grunnskólans og býðst að stunda fjarnám á eigin forsendum.

*Fjórða þrepið felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þrepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun<sup>40</sup>.*

Tengsl við háskólana eru ekki formleg en stjórnendur segjast stundum hitta fulltrúa þeirra til almennrar umræðu. Árlegir fundir eru með Háskóla Íslands. Lengi hafi verið beðið eftir hæfniviðmiðum háskólanna m.t.t. aðgangs að deildum en hóparnir sem vinna að endurskoðun námskrár og þriggja ára náms þurfi að nota þau til grundvallar vinnu sinnar. Þannig hafi verið leitað til HÍ um hvaða þekkingu nemendur þurfa að hafa til að stunda þar nám. Stjórnendur segja Verzlunarskólann hafa stokkað upp viðskiptagreinarnar á grundvelli krafna í HÍ, viðskipta- og hagfræðideild. Skólinn hefur ekki formlegt samstarf við aðra háskóla, en er þó í góðu samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Fram kom hjá raungreinakennurum í rýnihópi að vilji væri til þess að byggja brú yfir í háskólanám í raungreinum.

Skólinn á ekki í formlegu samstarfi við aðra framhaldsskóla en nemendur í dagskóla geta tekið fjaráfangi í öðrum skólum þegar viðkomandi áfangi er ekki kenndur við VÍ. Í fjarnámi geta nemendur sótt einstök námskeið hvar sem er. Kennarar segja töluvert samstarf við erlenda skóla, sérstaklega í tungumálum.

### 3.3. Námsmat

*Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Matið byggist á markmiðum skólustarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá. Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati er liggur að baki lokaeinkunn í námsáfangi innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar.<sup>41</sup>*

Í skólanámskrá segir að:<sup>42</sup>

*Meginreglan er að lokaeinkunn í áfangi byggist á lokaprófi ásamt vinnueinkunn í áfanganum. Vægi hvors þáttar er breytilegt milli einstakra áfanga og skal tilgreint í kennsluáætlun. Þar kemur einnig fram ef nemendur þurfa að ná lágmarkseinkunn á prófi til þess að vinnueinkunn gildi. Próf eru haldin í lok annar, þ.e. í desember og á vorin auk skyndiprófa í einstökum greinum. Prófin sem tekin eru í lok annar eru lokapróf í viðkomandi námsáföngum. Til þess að standast áfanga þarf nemandinn að ná einkunn 5,0 eða hærra í hverjum námsáfanga.*

<sup>40</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:49

<sup>41</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla 30.gr.

<sup>42</sup> Skólanámskrá VÍ

Lokapróf er í flestum áföngum og gildir það 40% til 75% af lokaekunn. Í 17% áfanga eru ekki lokapróf. Annað námsmat felur m.a. í sér ýmis verkefni, styttri próf, ástundun, heimavinnu, verklegar æfingar og skýrslur, heimadæmi, nemendafyrirlestra, vinnusemi, frammistöðu, rannsóknarverkefni, fundi með kennara, hópavinnu, skilaverkefni o.fl.<sup>43</sup>

Að sögn stjórnenda er stefna um námsmat sú að ákvörðun um það sé í höndum hvernar deildar og kennurum treyst faglega. Matið sé samræmt innan áfanga og yfirleitt er námsmati lýst í áfangalýsingum og kennsluáætlunum. Skólinn sé prófamiðaður, lokapróf í flestum áföngum en stefnan sé að draga úr vægi lokaprófa, auka hlut símats og leitað sé leiða til að auka fjölbreytni í námsmati. Mjög margir séu samþykkrir því að fækka prófadögum. Í fjarnámi er almennt hærra hlutfall lokaprófa og nemendur þurfa einnig að ná prófinu svo verkefni gildi. Ekki er samræmi milli deilda um lágmarkseinkunn í prófi svo verkefni gildi til einkunnar, sumar deildir eru með 4 en aðrar 4,5. Á vinnufundi í apríl, á meðan á heimsókn úttektaraðila stóð, unnu deildir að endurskoðun námsmats.<sup>44</sup>

Það viðhorf var algengt í rýnihópum kennara að auka þyrfti símat og fram kom að hafin væri vinna við að auka fjölbreytni námsmats. Það viðhorf kom fram að skólinn tæki mið af háskólakröfum og því væru „allir nemendur þvingaðir í sama námsmat óháð færni.” Stjórnendur benda á að þeir sem þessi þurfi fái lengri próftíma, geti verið í sérstakri prófkvíðastofu, stundum sé próf lesið upp t.d. í tungumálum og nemendur fái að hlusta, taka prófið á tölvur eða munnlega. Nemendur, sem rætt var við, sögðu mikla áherslu á lokapróf og að símat hafi lítið vægi. „Maður getur komist upp með að leggja sig ekki nægilega fram á önninni.” Skipulagsleysi væri á skyndiprófum, sumir kennarar settu þau inn í kennsluáætlun en aðrir ekki. Þá hefðu sumir kennarar sjúkrapróf í skyndiprófum og ekki samræmi þar á milli kennara. Nemendur sögðust óska eftir meira símati og fjölbreyttara námsmati, m.a. með raunhæfum verkefnum.

### 3.3.1. Árangur og einkunnir


Skólinn hefur ekki sett sér viðmið um árangur en áfangar eru bornir saman milli ára og kennara. Gerð er samantekt og kynnt á kennarafundi. Meðaleinkunn útskrifaðra nemenda Verzlunarskólans árið 2013 má sjá nánar í töflu 14. Meðaleinkunn útskrifaðra nemenda VÍ eftir bekkjardeildum og greinum árið 2013 má sjá á mynd 2.

Námsbraut	Meðaleinkunn útskrifaðra
Félagsfræðibraut	6,96
Náttúrufræðibraut	7,46
Viðskiptabraut	7,35

Tafla 14. Meðaleinkunn nemenda á stúdentsprófi vor 2013

<sup>43</sup> Skólanámskrá VÍ: áfangalýsingar

<sup>44</sup> Nokkur orð um námsmat. Kynning yfirkennara á vinnufundi kennara.



Mynd 2. Meðaleinkunn útskrifaðra nemenda VÍ eftir bekkjardeildum og greinum vor og haust 2013.<sup>45</sup>

Rætt var á fundi með foreldraráði að þar sem mikil eftirspurn sé eftir skólavist í Verzlunarskólanum, sæki aðeins nemendur með hæstu einkunnir úr grunnskóla um skólavist. Það viðhorf kom fram að áhyggjuefni sé að skólinn taki almennt inn mjög hæfa nemendur sem skili meðalárangri í háskóla, virðisaukinn í menntuninni sé ekki nægilega mikill því þessir afburðanemendur ættu að standa sig betur. Skólastjóri segist ekki geta tekið undir þessi sjónarmið og bendir á að í könnun á námsárangri við félagsvísindadeild Háskóla Íslands séu fyrrverandi nemendur skólans í fjórða sæti yfir hæstu einkunnir þegar útreikningar séu eins og VÍ telur eðlilegast að reikna og HÍ hafi ekki mótmælt þeim. Aðrir útreikningar höfðu áður sýnt fram á mun lakara gengi nemenda skólans, eða 17. sæti.<sup>46</sup> Fram kom hjá kennurum, stjórnendum og foreldrum að einkunnir úr grunnskólum hafi hækkað í kjölfar þess að hætt var að hafa samræmd próf. Þannig sé í raun umtalsverður munur á þekkingu nemenda þrátt fyrir að skólaeinkunnir gefi annað í skyn. Að sögn kennara og stjórnenda gefa stöðupróf í upphafi náms í Verzlunarskólanum til kynna mikinn mun á gæðum náms og þekkingu nemenda eftir grunnskólum. Það viðhorf kom fram í hópi foreldra að nauðsynlegt sé að setja viðmið fyrir nám í grunnskóla og kannski séu samræmd próf „ill nauðsyn“ þar sem ekki finnst betri kostur. Hins vegar megi það ekki vera þannig að sumir grunnskólanemendur séu látnir sitja heima í prófum til að „skekka ekki meðaltalið“. Það viðhorf að samræmd próf ættu rétt á sér, kom einnig fram í rýnihópum kennara.

### 3.4. Mat úttektaraðila

- Skólinn er kominn vel á veg með endurskoðun skólanámskrár. Ferlið hefur tekið nokkuð langan tíma og hafði óleystur ágreiningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Kennarasambands Íslands um greiðslur þar áhrif um tíma. Eftir að skólanefnd hafði frumkvæði að stefnumótun árið 2012 komst skriður á vinnuna. Kennarar gátu valið hvort þeir tækju þátt og ákveðið var að greiða

<sup>45</sup> Nokkur orð um námsmat: kynning yfirkennara á vinnufundi kennara.

<sup>46</sup> Athugasemdir skólastjóra til Attentus 28. 5. 2014 og aftir af samantekt VÍ til HÍ.



starfsfólki fyrir vinnuna. Vinnunni virðist miða vel og mun skólinn hefja kennslu skv. nýrri aðalnámskrá haustið 2015.

- Margir hafa komið að endurskoðuninni sbr. lög um framhaldsskóla og aðalnámskrá. Að mati úttektaraðila mætti þó virkja nemendur enn frekar við útfærslu kennslunnar svo og leita enn frekar til áhugasamra foreldra um ýmsa þætti skólastarfsins.
- Unnið er að útfærslum á grunnþáttum menntunar í áfangalýsingum en eftir er að útfæra þá enn frekar í kennsluháttum og námsmati.
- Samstarf skólans við grunnskóla virðist lítið og felst að mestu leyti í kynningum á starfsemi skólans í grunnskólum. Nemendur koma alls staðar að af landinu. Grunnskólanemendur hafa margir sótt fjarnám við skólann og er árangur þeirra í samanburði við aðra fjarnámsnemendur athyglisverður. Einnig hefur mat þessara nemenda gefið skólanum mikilvægar upplýsingar sem nýtast almennt við þróun fjarkennslu og -náms í skólanum.
- Samstarf skólans við aðra framhaldsskóla er lítið. Samstarf við háskóla er ekki formlegt og mætti auka. Þetta samstarf verður æ mikilvægara að teknu tilliti til hæfniprepa í nýrri aðalnámskrá.
- Stefna skólans um námsmat er að einstaka deildir ákvarði fyrirkomulag þess og framkvæmd. Skólinn leggur mikla áherslu á lokapróf en unnið er að því að gera matið fjölbreyttara sbr. nýja aðalnámskrá. Í skólanámskrá þarf að skilgreina þekkingu, leikni og hæfni sbr. nýja aðalnámskrá.
- Flestir nemendur sem fá inngöngu í skólann hafa yfir 8,8 í meðaleinkunn úr grunnskóla. Í upphafi náms við skólann þreyta þeir stöðupróf sem ætlað er að kanna þekkingu í ákveðnum grunngreinum. Gríðarlegur munur er á milli skólaeinkunna og árangurs á stöðuprófinu eftir skólum. Þetta endurspeglast að einhverju leyti í einkunnum nemenda á prófum meðan á námi við skólann stendur, sem er í kringum 7, og skýrir mögulega að hluta til hvers vegna meðalárangur eftir að nám hefst við VÍ er lægri en skyldi ætla. Stjórnendur eru vel meðvitaðir um mikilvægi þess að árangur nemenda VÍ í háskóla sé góður og hafa leitað eftir því að háskólarnir setji hæfnikröfur sem hægt sé að nota sem leiðarljós við ritun nýrrar námskrár.

## 4. STJÓRNUN OG REKSTUR

Skólinn er sjálfseignarstofnun og starfar undir vernd og umsjón *Viðskiptaráðs Íslands*. Fulltrúaráð skólans fer með æðsta vald í málefnum hans og er skipað níu fulltrúum. *Samtök atvinnulífsins* skipa sex þeirra þ.e. þrír eru tilnefndir af aðildarfélagunum *Samtökum verslunar og þjónustu* (SVP), *Samtökum ferðaþjónustunnar* (SAF) og *Samtökum fjármálafyrirtækja* (SFF) og þrír fulltrúar eru án tilnefningar. Viðskiptaráð skipar þrjá fulltrúa í ráðið. Fulltrúaráðið skipar í skólanefnd, markar stefnu skólans í samvinnu við nefndina og fylgir henni eftir. Í yfirstjórn skólans eru skólastjóri, yfirkennari, áfangastjóri og fjarnámsstjóri. Skólastjóri er framkvæmdastjóri skólans, en það felur m.a. í sér að koma fram fyrir hönd skólans, annast daglegan rekstur og bera ábyrgð á rekstri gagnvart skólanefnd. Hann er yfirmaður allra starfsmanna skólans og sér um mannabreytingar í samráði við skólanefnd. Skólastjóra ber að skila til fulltrúaráðs árlegri skýrslu um starfsemi skólans.<sup>4748</sup> Yfirkennari er staðgengill skólameistara.<sup>49</sup>

Núverandi skólastjóri hefur stýrt skólanum frá árinu 2007 en hefur starfað við skólann frá 1989. Yfirkennari hefur starfað við skólann frá 1997, þar af sex ár við stjórnun, og fjarnámsstjóri hefur starfað sem slíkur síðan 2008. Áfangastjóri, sem hefur starfað við skólann frá árinu 1994, en við stjórnun frá árinu 2005, er í leyfi og leysir annar starfsmaður hann af en sá hefur starfað við skólann frá 1999. Auk þeirra starfa við stjórnun fjármálastjóri/skrifstofustjóri, deildarstjóri nemendaþjónustu, húsvörður, kerfisstjóri og bókasafnsstjóri - þrjár konur og tveir karlmenn. Í yfirstjórn skólans er jafnt hlutfall karla og kvenna og í allri stjórnun skólans er hlutfallið 45% karlar og 55% konur. Deildarstjórar teljast ekki til stjórnenda að sögn skólastjóra. Yfirstjórn skólans fundar vikulega og oftast eftir þörfum.

Í vinnustaðagreiningu sem skólinn lagði fyrir starfsmenn vorið 2013 kemur fram að traust til yfirstjórnar, að undanskildum fjarnámsstjóra, var á starfhæfu bili (3,70-4,19). Traust til fjarnámsstjóra var á styrkleikabili (4,2-5,0). Þar segja 57% skólastjóra taka oftast eða alltaf strax á vandamálum sem tengjast starfsmönnum, 60% finnst auðvelt að ræða við skólastjóra um hvað sem er, um 43% segja stjórnendur miðla nauðsynlegum upplýsingum vel til þeirra og sama hlutfall svaraði meðalvel.<sup>50</sup>

Í kjölfarið segja stjórnendur að rætt hafi verið um leiðir til úrbóta. Reynt hafi verið að nýta tölvupóst betur og settur upp upplýsingaskjár á kaffistofu. Að sögn yfirstjórnar hefur stjórnun skólans gengið vel. Lögð sé áhersla á að starfsmenn geti alltaf leitað til stjórnenda.

47 Skipulagsdagskrá VÍ.

48 Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, 13. gr.

49 Skólanámskrá VÍ

50 Sjálfsmatskýrsla VÍ 2012-2013

Stjórnunarstíllinn sé afslappaður. Fram kom meðal starfsmanna að stjórnendur væru aðgengilegir og gott að ræða við þá, fólki væri treyst til að sinna sínu en meiri eftirfylgni skorti við að framfylgja ákvörðunum og reglum. „Mættu stundum standa fastar á sínu bæði gagnvart nemendum og kennurum.“ Fulltrúar í skólanefnd sögðu samstarf við yfirstjórn skólans gott, þeir væru vel upplýstir um starfsemina og stjórnendur sinntu eftirlitshlutverki sínu vel. Í starfsáætlun skólanefndar og skólastjórnenda 2013 um þróun lykilþátta í starfseminni kemur fram að vilji sé til að ná fram „leiðbeinandi“ forystu (*servant leadership*) sem fóstur hegðun sem skilar árangri.<sup>51</sup>

Það viðhorf var algengt í rýnihópi nemenda að aðgangur væri góður að stjórnendum. Alltaf væri hægt að fara til þeirra og ræða við þá og þeir svöruðu alltaf tölvupóstum. Erfitt væri hins vegar að fá skólann til að gera eitthvað ef ósætti kæmi upp milli kennara og nemenda. Skólastjóri bendir á að sé kvartað yfir kennara sé alltaf rætt við viðkomandi og farið yfir málin. Hins vegar sé allur gangur á því hvort nemendur séu sáttir við úrlausn málsins.

Á heimasíðu skólans eru aðgengilegar ársskýrslur skólans frá 1995 til 2012. Í ársskýrslu skólans frá 2013 er fjallað um stærð skóla, fjölda nemenda, fjölda starfsmanna, inntöku og aðsókn, námsframboð, ársreikning, framkvæmd markmiða o.fl. Fram kemur í skýrslunni að rekstrarafkoma skólans hafi verið jákvæð um 17,8 milljónir en tap hafi verið á rekstrinum tvö ár þar á undan. Einnig kemur fram að 89% af þeim fjárframlögum sem skólinn fær frá ríkinu fari í launakostnað.<sup>52</sup> Stjórnendur segja jákvæða rekstrarafkomu skýrast að hluta til af því að árið 2013 fékk mennta- og menningarmálaráðherra auknið fjármagn til útdeilingar til framhaldsskóla sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun og auk þess fékk skólinn styrk vegna vinnu við skólanámsskrá.

#### 4.1. Stjórnskipulag og skipurit

Skipurit skólans er aðgengilegt á heimasíðu hans og í skólanámsskrá, skipuritið sýnir ábyrgðarskiptingu myndrænt. Ítarlegri ábyrgðarskipting er tilgreind í starfslýsingum í skólanámsskrá. Í rýnihópum kom fram að ábyrgð stjórnenda og verkaskipting þeirra væri oftast skýr en stundum væri hefðin sterkari núverandi starfslýsingum. Það komi þó ekki að sök þar sem stjórnendur séu viljugir til að leiðbeina fólki annað ef svo ber undir.

Stjórnendur segja skipurit skólans henta stærð hans og verkefnum að mestu leyti en þó þyrfti að bæta við starfsmanni sem sæi um sjálfsmat, s.s. til að halda utan um kannanir og úrvinnslu og ekki síður eftirfylgni með matinu. Fram kom að gæðastjóri, sem áður starfaði

<sup>51</sup> Starfsáætlun skólanefndar og skólastjórnenda VÍ.

<sup>52</sup> Ársskýrsla VÍ 20113

við skólann, hefði haldið utan um innra mat skólans. Að sögn stjórnenda er hugað að ráðningu starfsmanns sem mun sinna gæðamálum og endurmenntun starfsmanna.

Stjórnendur segja skráðum verkferlum fara fjölgandi, t.d varðandi agamál, mætingar, prófatíma, viðurlög við prófsvindli o.fl. Unnið væri að því að setja þá inn í starfsmannahandbók. Starfsmenn í rýnihópum sögðu að það vantaði að kynna verkferla betur og fylgja þeim eftir. T.d. væri farvegur um agamál oft óljós og færi mikið eftir því hver ætti í hlut.

#### 4.1.1. Skólaráð

Skólaráð er við skólann en það hefur ekki verið virkt skólaárið 2013-2014. Ráðið skipa skólastjórnendur, námsráðgjafi, tveir fulltrúar kennara og tveir fulltrúar nemenda.<sup>53</sup> Hlutverk skólaráðs er að vera skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar um stjórn skólans, fjalla um starfsáætlun skólans og framkvæmd hennar, fjalla um skólareglur, umgengnishætti í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda, veita umsögn um erindi frá skólanefnd, almennum kennarafundi, nemendaráði, einstaklingum, skólameistara og menntamálaráðuneytinu sé þess óskað og fjalla um mál sem varða einstaka nemendur og er farið með þau sem trúnaðarmál.<sup>54</sup>

Ástæður þess að skólaráðið hefur ekki verið virkt þetta skólaár segja skólastjóri og yfirkennari vera „ákveðinn trassaskap“ en að þeirra mati sé ráðið allt of stórt og því varla starfhæft. Oftast hafi skólaráð fjallað um mál einstakra nemenda. Nú séu þau mál tekin fyrir á vikulegum fundum yfirstjórnar og rætt við deildarstjóra nemendajónustu og námsráðgjafa um úrlausnir. Hagsmunaráð nemenda sinni hlutverki skólaráðs að hluta. Það er skipað nemendum skólans og einn þeirra er fulltrúi skólastjóra. Ráðið sé mjög virkt og fundi reglulega með yfirstjórn.<sup>55</sup> Undir þetta tóku nemendur í rýnihópi. Nemendur hafa einnig aðgang að umsjónarkennara.

#### 4.1.2. Skólanefnd

Skólanefnd er við skólann og er skipuð af fulltrúaráði skólans, til tveggja ára í senn. Nefndina skipa formaður, varaformaður, þrír aðalmenn og einn til vara. Flestir fulltrúar í nefndinni hafa setið síðan 2006 en einn síðan 2011. Við skipan nefndar skal hafa kynjahlutföll sem jöfnust og sem mesta fjölbreytni í menntun og reynslu, miðað er við að nefndarmenn séu vel tengdir atvinnulífi landsins og a.m.k. þrír þeirra séu fyrrverandi nemendur skólans. Skólastjóri situr alla fundi nefndarinnar og einn fulltrúi starfsmanna skólans á þar sæti. Þá situr fulltrúi úr foreldraráði fundi þar sem rætt er um skólamál.

<sup>53</sup> Skólasamningur VÍ og ráðuneytis

<sup>54</sup> Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997: 2.gr.

<sup>55</sup> Athugasemdir skólastjóra við yfirllestur

Nemendur eiga ekki fulltrúa í nefndinni en hún kallar stjórn nemendafélagsins á sinn fund árlega.

Samkvæmt skipulagsdagskrá skólans starfar skólanefnd eftir starfsreglum þess og sinnir viðtæku hlutverki, sem felur í sér eftirfarandi:<sup>56</sup>

- *Ráða skólastjóra, ganga frá starfslýsingu hans, ákvarða launakjör, hlunnindi og frídindi hans ásamt því að leysa hann frá störfum ef ástæða þykir til.*
- *Veita skólastjóra eða öðrum starfsmönnum skólans prókúruumboð.*
- *Marka stefnu skólans í samræmi við markmið hans.*
- *Ákveða námsframboð, inntökuskilyrði og meginstarfstilhögun skólans.*
- *Koma að öllu er varðar laga- og stjórnvaldsfyrirmæli er gilda um kennslu á því skólastigi sem skólinn sinnir.*
- *Ákveða skólagjöld og greiðslutilhögun þeirra.*
- *Stöðugt eftirlit með rekstri skólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans.*
- *Afgreiða rekstraráætlun fyrir skólann og ársreikning hans.*

Samkvæmt fundargerðum skólanefndar hefur m.a. verið fjallað um styttingu náms, fjármál, starfsreglur skólanefndar, stefnumótun o.fl. Fundargerðir nefndarinnar eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Á fundi með yfirstjórn kom fram að samstarf við skólanefnd sé mjög gott og nefndin sé virkur samráðsaðili skólameistara. Hún fundar mánaðarlega og oftast ef þörf þykir. Annar hver fundur fjallar um fjármál en hinn um skólamál. Nefndin fylgist vel með vinnu við skólanámskrá. Fulltrúar í skólanefnd segja samstarfið almennt gott og að fullt traust ríki á milli stjórnenda og skólanefndar. Það hafi komið vel fram í tengslum við innleiðingu nýrrar stefnu. Nefndin kemur að stefnumótun, hún vill að kennt sé samkvæmt bestu aðferðum en að útfærslan sé skólastjórnenda og kennara sem séu sérfræðingar í kennslu. Hún studdi t.d. kaup á spjaldtölvum til að efla fjölbreytni í kennsluháttum. Nefndin sinnir einnig virku eftirliti. Tekist hafi verið á við niðurskurð með því að fara í gegnum alla rekstrarliði, s.s. húsnaðisskuldir og fjarnámið, þar sem sett hafi verið lágmark um nemendafjölda í námskeið. Fjárhagslegur rekstur skólans sé nú kominn í betra horf og ráðdeild einkenni skólann.

## 4.2. Ákvarðanataka

Starfsmenn hafa formlega aðkomu að stjórnun skólans í gegnum skólanefnd. Nemendur hafa aðkomu að ákvarðanatöku í gegnum nemendakannanir og setu í hagsmunaráði nemenda sem fundar reglulega með yfirstjórn. Tvisvar á skólaári er haldinn fundur með nemendum þar sem þeim er gert kleift að koma með fyrirspurnir til stjórnenda skólans eða koma með

<sup>56</sup> Skipulagskrá Verzlunarskóla Íslands

tillögur um hvað mætti gera betur.<sup>57</sup> Nemendafélagið sér alfarið um skipulag félagsstarfs skólans og fundar stjórn þess árlega með skólanefnd. Framtíðarþing var haldið með þátttöku nemenda og starfsmanna (sjá kafla 2.3.1). Stjórn foreldrafélagsins fundar með skólastjóra einu sinni á önn auk þess sem fulltrúi foreldra situr þá fundi skólanefndar sem fjallar um skólamál.

Fram kom í rýnihópum að almennt væri góður aðgangur að stjórnendum. Yfirleitt væri tekið vel í tillögur og ábendingar og almennt hlustað á röksemdir þótt ákvarðanir liggi hjá stjórnendum og ákvarðanatakan misjafnlega skilvirk. Fram kom það viðhorf meðal starfsmanna á fundum og í rýnihópum að stundum væri þörf á meiri staðfestu meðal stjórnenda við ákvarðanir sem lúta að nemendum, sérstaklega hvað varðar mætingar, aga og umgengni og að þeim skilyrðum, sem sett hafa verið, sé framfylgt. Fram kom hjá nemendum og foreldrum sem rætt var við, að aðkoma þeirra að ákvörðunum í skólanum mætti vera meiri.

### 4.3. Nemendafélag

Við skólann er starfandi Nemendafélag Verzlunarskóla Íslands, NFVÍ. Nemendafélag framhaldsskóla skal m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.<sup>58</sup> Starf þess felur m.a. í sér að skipuleggja félagsstarf nemenda (sjá nánar í kafla 6.3). Stjórn þess skipa forseti, féhirðir, markaðsstjóri, formaður málfundafélags, ritstjóri Verzlunarskólabláðsins, formaður Nemendamótsnefndar, ritstjóri Viljans, formaður íþróttafélags, formaður Listafélags og formaður skemmtinefndar. Í stjórn NFVÍ eru 10 nemendur, sex stelpur og fjórir strákar. Aðeins verðandi 6. bekkingar geta boðið sig fram í stjórn. Ekki er kosið um formennsku minni nefnda en boðin viðtöl fyrir alla nemendur félagsins sem vilja sinna þeim stöðum sem í boði eru.<sup>59</sup> Að sögn stjórnenda og nemenda er félagið mjög virkt og félagslífið eitt af því sem m.a. dregur nemendur að skólanum.

### 4.4. Mat úttektaraðila

- Í niðurstöðum viðhorfskönnunar skólans árið 2013 kom fram að trúverðugleiki stjórnenda í yfirstjórn var að meðaltali á svonefndu starfshæfu bili (3,7-4,2). Til samanburðar má geta þess að þessi þáttur mælist 3,83 að meðaltali hjá ríkisstofnunum í könnuninni *Stofnun ársins* árið 2013 og í könnuninni *Fyrirtæki ársins* mælist þátturinn 4,03. 57% starfsmanna VÍ segja í viðhorfskönnun að skólastjóri taki oftast eða alltaf strax á vandamálum sem tengjast starfsmönnum. Þetta kann að skýrast af hluta til af „afslöppuðum” stjórnunarstíl og því ekki öllum

<sup>57</sup> Sjálfsmatskýrsla VÍ 2012-2013

<sup>58</sup> Lög nr. 92/2008, 39. gr.

<sup>59</sup> Heimasiða nemendafélags VÍ

ljóst með hvaða hætti er brugðist við vanda sem upp kemur. Almennt viðhorf starfsmanna var að gott aðgengi væri að stjórnendum en þeir mættu fylgja ákvörðunum og reglum betur eftir, sérstaklega hvað varðar mætingar, aga og umgengni. Mikilvægt er að þessir þættir séu rýndir reglulega.

- Skipurit skólans er aðgengilegt á heimasíðu skólans og í skólanámskrá. Skipuritið virðist henta stærð skólans og verkefnum hans að mestu leyti en ráðning starfsmanns, sem kæmi m.a. að innra mati og endurmenntun, mun bæta hér úr. Að mati úttektaraðila væri æskilegt að fleiri stjórnendur hefðu mannaforráð, t.a.m. í tengslum við framkvæmd starfsmannasamtala og eftirfylgni innra mats.
- Ýmis gögn sem varða stjórnun skólans skólans eru aðgengileg á vef hans sem er almennt auðveldur í notkun og vel uppsettur.
- Starfslýsingar og ábyrgðarskipting stjórnenda liggja fyrir og kom fram að ábyrgðarskipting stjórnenda væri yfirleitt skýr.
- Í yfirstjórn skólans er jafnt hlutfall karla og kvenna en í allri stjórnun skólans er hlutfallið 45% karlar og 55% konur. Áfram ætti að hvetja fleiri karla til starfa í skólanum með vísan í lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en í grein 18 segir: „Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.”
- Skólanefnd er mjög virk, heldur reglulega fundi, er m.a. samráðsaðili skólameistara, hefur haft frumkvæði að stefnumótun, fylgst með starfi skólans og hefur aðkomu að ýmsum málum, s.s. fjármálum. Nemendur ættu að hafa áheyrnarfulltrúa í skólanefnd sbr. lög um framhaldsskóla, 5. gr. reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsstigi nr. 426/2010 og aðalnámskrá sem leggur mikla áherslu á lýðræðislega aðkomu nemenda að ákvörðunum í skólastarfinu.
- Skólaráð er ekki starfandi sem stendur og þarf að virkja að nýju. Vikulegir fundir stjórnenda eða virkt hagsmunaráð nemenda koma að mati úttektaraðila ekki í stað skólaráðs sbr. lög um framhaldsskóla og reglugerð um skólaráð. Fundargerðir ráðsins eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Verkferlar virðast ekki alltaf nægilega skýrir. Mikilvægt er að kynna þá betur fyrir starfsmönnum, sérstaklega ferla um aga, sem og viðbrögð og eftirfylgni ákvarðana.
- Nemendafélag skólans heldur úti afar fjölbreyttri starfsemi.
- Á árinu 2013 var skólinn rekinn með hagnaði en tap var á rekstri skólans tvö ár þar á undan. Skólanefnd og skólastjórnendur hafa lagt mikla vinnu í að draga úr taprekstri skólans.

## 5. NÁM OG KENNSLA

---

### 5.1. Fjölbreytni

*Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni.<sup>60</sup>*

Í skólanámskrá Verzlunarskólans segir í markmiðum um nám að skólinn þurfi að aðlagast sýbreytilegum aðstæðum og þróun samfélagsins, þ.m.t. að vera í fremstu röð er varðar þróun á sviði upplýsinga- og tölvutækni svo nemendur hans séu tilbúnir til að hefja störf í tæknivæddu nútíma samfélagi. Sjá nánar í kafla 2.3.<sup>61</sup>

Námsframboð skólans er bæði skv. nýrri skólanámskrá, í samræmi við lögin frá 2008 og aðalnámskrá 2011, svo og eldri námskrá. Gert er ráð fyrir að eldri námskráin verði að mestu fallin úr gildi haustið 2015. Fjöldi áfanga sem í boði voru haustið 2013 var 69 í dagskóla og 129 í fjarnámi. Vorið 2014 eru í boði 81 áfangar í dagskóla og 132 í fjarnámi.

Það viðhorf kom fram í rýnihópum nemenda og kennara að bekkjarkerfið gefi ekki kost á mikilli fjölbreytni í námsvali, það sé nokkuð bundið á brautum en kennsluhættir séu að verða fjölbreyttari. Eins og fram kemur í kafla 2.1.1 dreifast nemendur víða eftir búsetu en nefnt var að einsleitir nemendahópur út frá einkunum í grunnskóla gæti haft þau áhrif að nemendur gerðu sér ekki nægilega grein fyrir fjölbreytni mannlífs, m.a. í atvinnulífi.

### 5.2. Kennsluhættir

Í framtíðarsýn Verzlunarskólans segir m.a. að aðferðir í kennslu skuli vera fjölbreyttar og þroskandi, námið skuli vera merkingarþætt og tengt atvinnulífi og byggt á samræðum og leiðsögn, tækni og búnaður í fremstu röð, sveigjanleg kennslurými og aukin fjölbreytni (sjá kafal 2.3.1). Í starfsáætlun skólanefndar og skólastjórnenda árið 2013 er lögð áhersla á að starfsmenn skólans sjái um framkvæmd og innleiðingu sýnarinnar. Í núverandi skólanámskrá kemur fram að skólinn bjóði kennurum sínum upp á mikið svigrúm til þess að beita kennsluaðferðum sem þeir telji henta hverju sinni. Stefna skólans sé að styðja við þróunarverkefni er varða skólastarfið ásamt því að bjóða kennurum og nemendum aðstöðu sem hentar til slíkra starfa. Ennfremur að allur aðbúnaður til tilrauna, heimildaöflunar, verkefnavinnu og tölvunotkunar sé eins og best verður á kosið í framhaldsskólum á Íslandi.

Kennarar í rýnihópum sögðu kennsluhætti nú fjölbreyttari en áður. Þeir nefndu að t.d. væri markvisst unnið með tölvustudda kennslu í þriðja bekk. Allir nemendur þurfa að vera með fartölvu og skólinn útvegar öllum kennurum skólans slíka tölvu. Spjaldtölvur eru

<sup>60</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:29

<sup>61</sup> Skólanámskrá VÍ



til í öllum deildum, rafrænt efni hefur aukist og í sumum tilfellum nota nemendur síma við nám. Fram kom að löng hefð fjarnáms í skólanum hafi auðveldað innleiðingu upplýsingatækninnar í dagskólann. Það sem hái hins vegar tölvustuddri kennslu sé lélegt þráðlaust netsamband. Hópa vinna sé þó nokkur, tilraunir með vendináms (*e. Flipped classroom*), upplýsingaleit á neti, rannsóknarritgerðir, nemendur skili dagbókum, kynni verkefni og séu almennt orðnir virkari. Í rýnihópi nemenda kom fram að fjölbreytni væri nokkur en færri mikið eftir kennurum og námsgreinum. Þeir sögðust vilja sjá fleiri raunveruleg verkefni þar sem krafist væri sjálfstæðra vinnubragða, svipuð og í verkefninu *Ungir frumkvöðlar*, fleiri heimildaritgerðir og að leita upplýsinga á netinu í auknum mæli. „Sterkir nemendur vilja fá krefjandi verkefni.” Skólastjórnendur benda á að niðurstöður nemendakönnunnar sýni að í þeim bekkjum sem kennarar auka verkefnavinnu fái þeir síðra mat frá nemendum.

Kennslustundum við skólann hefur verið breytt úr 40 mínútum í 60. Að sögn stjórnenda henta lengri kennslustundir betur fyrir verkefnavinnu og sjálfsnám nemenda í tímum. Kennsluáætlanir liggja fyrir í öllum greinum en yfirleitt eru ekki gerðar einstaklingsmiðaðar áætlanir fyrir nemendur nema í sérstökum tilfellum. Kennslukannanir eru lagðar fyrir nemendur einu sinni á ári, ýmist að hausti eða vori. Nýjasta kennslukönnunin er frá því haustið 2012. Þar kemur fram að 63% nemenda segjast vera mjög eða frekar ánægð með kennslu í áföngum, 58% finnst þeir læra mjög eða frekar mikið í kennslustundum og 68% segja að kennarinn útskýri námsefnið mjög eða frekar vel.<sup>62</sup> Allir kennarar fá niðurstöðu sína og heildarniðurstöðu allra til samanburðar. Í kjölfar kennslukannana hefur skólameistari átt samtalið við kennarana um niðurstöðuna.

Ekki er sérstök stefna um heimanám en ætlast er til að því sé sinnt. Skólastjóri og yfirkennari segja nemendur hafa óskað eftir aðstoð við heimanám en erfitt sé að bregðast við því þar sem kjarasamningar kennara séu mjög heftandi í öllu skipulagi og framþróun í skólasterfi. Nemendur sem rætt var við sögðu heimavinnuna fara eftir ákvörðun kennara hverju sinni. Þau sögðu ekki ríkja sátt um heimanám. Meiri áhersla ætti að vera á virkni nemenda í tímum. „Tökum aðallega glósur í tímum.” Fram kom í rýnihópi kennara að nemendur telji sig hafa lítinn tíma til heimanáms, þeir séu í vinnu eða tómstundum eftir skóla. Í könnun *Rannsóknar og greiningar* árið 2013 kemur fram að 70% stelpna og 48% stráka í skólanum vinna meira en 1 klst á viku með námi (allir skólar 64% og 48%). 47% stelpna og 62% stráka stunda íþróttir með íþróttafélagi (allir skólar 33% og 43%).<sup>63</sup> Kennarar segja að unnið sé að því að virkja nemendur betur í skólanum, fögin fái meiri tíma í einu o.fl.

62 Heildarniðurstöður viðhorfskönnun nemenda haust 2012

63 Betri líðan í mínum skóla, niðurstöður rannsókna með framhaldsskólanema á Íslandi 2013.

### 5.2.1. Jafnréttiskennsla

Kennari við skólann heimsækir alla bekkir og ræðir við nemendur í þrjár klukkustundir um jafnréttis- og kynjafræði. Einnig er boðið upp á jafnréttis- og kynjafræðiáfangi sem valgrein.

## 5.3. Lýðræði

*Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans... Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.<sup>64</sup>*

Lýðræðisleg aðkoma starfsmanna að skólastarfinu er formleg í gegnum setu þeirra í skólanefnd. Nemendur sitja í hagsmunaráði nemenda og á hverju skólaári eru haldnir skólafundir þar sem nemendur eru upplýstir um skólastarfið og þeim gefst kostur á að spyrja skólastjórnendur spurninga. Nemendafélagið sér alfarið um skipulag félagsstarfs skólans og fundar stjórn þess árlega með skólanefnd. Framtíðarþing var haldið með þátttöku nemenda og starfsmanna, (sjá nánar í kafla 2.3.2 og 4.5) Foreldrar eiga sinn vettvang í gegnum foreldrafélag og hafa áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Í umræðu við starfsmenn og nemendur kom víðast fram að þeir teldu lýðræði vera nokkuð virkt við skólann. Kennarar sögðu nemendur fá að ráða fyrirkomulagi upp að vissu marki í ákveðnum þáttum s.s. að samráð væri oft haft um verkefnaskil, vinnulag o.fl. Nemendur og foreldrar sögðu að lýðræðið mætti vera meira. Nemendur taka þátt í kennslukönnunum en segjast ekki upplýstir um niðurstöður þeirra. Það viðhorf kom fram að tíminn til að svara könnuninni væri almennt of stuttur.

## 5.4. Þróunarverkefni

Samkvæmt skólameistara hefur helsta þróunarverkefni skólans verið stefnumótunarvinna sem skólanefnd hóf árið 2007 sem síðan var unnið áfram með árið 2009 og núna síðast vorið 2012. Þar hafi margar hugmyndir komið fram sem unnar hafi verið áfram, t.a.m. tölvustudd kennsla og breytingar á námsmati. Einnig hafa kennarar fengið styrk frá *Rannís* til þróunarverkefna, s.s. til þróunar á spunaspili til lýðræðiskennslu og gagnvirkri rafbók; *Snorra-Eddu* sem nýtt er til kennslu í íslensku. Þá er kennari að vinna að námsefni í líffræði. Einnig fer fram þróunarvinna við innleiðingu nýrrar stefnu og námskrár (sjá kafla 3. 1).

## 5.5. Mat úttektaraðila

- Námsframboð virðist eins fjölbreytt og mögulegt er í bekkjarkerfi og koma að mestu leyti til móts við þarfir nemendahópsins bæði í dagskóla og fjárnámi sem birtist m.a. í mikilli aðsókn að skólanum. Meta þyrfti þennan þátt enn frekar, t.d. með öflugra innra mati (sjá kafla 8).

- Í skólanum eru í auknum mæli notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir. Ekki hefur verið útfærð stefna um kennsluhætti út frá nýrri aðalnámskrá. Brýnt er að ljúka henni en samtímis er mikilvægt að viðhalda faglegu sjálfstæði kennara.
- Unnið er að samræmdum áfangalýsingum skv. viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir alla áfanga skólans. Ekki er markvisst eftirlit með því hvort kennsla er í samræmi við áfangalýsingar og kennsluáætlanir en kennslukannanir eru lagðar fyrir nemendur og rætt við kennara í kjölfarið. Skv. kennslukönnunum virðast nemendur vera frekar ánægðir með kennsluna en skv. könnunum segjast 63% nemenda vera mjög eða frekar ánægðir með kennslu í áföngum. Að mati úttektaraðila mætti þetta hlutfall vera hærra. Auka má eftirlit stjórnenda sem hluta af innra mati.
- Æskilegt er að nemendur hafi meiri aðkomu að gerð skólanámskrár og fyrirkomulagi kennslu, sbr. aðalnámskrá 2011. Þeir eiga ekki sæti í skólanefnd og skólaráð er ekki starfandi. Þá er mikilvægt að nemendur séu upplýstir um niðurstöður kennslukannana. *Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.*<sup>65</sup>
- Skólinn leitast við að nýta upplýsingatækni í starfi sínu og í auknum mæli nýja miðla, en nemendur telja að auka mætti þennan þátt enn meira. Tekið er undir það sjónarmið, enda er læsi á upplýsingar og uppruna þeirra sem og það að geta nýtt sér margvíslega tækni við þekkingarleit grunnþættir og lykilhæfni í aðalnámskrá. Mikilvægt er að lagfæra þráðlaust netsamband víða í skólanum.
- Einstaklingsbundnar námsáætlanir eru einungis nýttar þegar talin er þörf á.
- Skólinn hefur síðustu ár sótt um þróunarstyrki til ýmissa verkefna. Flest hafa þau tengst breytingum á skipulagi námsins og námskrá og hefur miðað vel. Þá hefur skólinn tekið þátt í ýmsum samstarfsverkefnum sem virðast hafa skilað sér í skólastarfinu, oft alþjóðlegum með aðkomu nemenda.

---

<sup>65</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:19

## 6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

Fram kom í rýnihópum að starfsandi í skólanum væri almennt góður og einkennist m.a. af samheldni, skilningi, umhyggju, glöðværð og góðri þátttöku í öllu félagslífi. Í viðhorfskönnun skólans meðal starfsmanna vorið 2013 mælist starfsánægja 4,11 eða rétt undir styrkleikabili (4,2- 5,0). Það sem fólk er ánægðast með er samstarfsfólkið, starfsandinn og vinnuaðstaðan. Starfsandi mælist 3,85 í könnuninni (starfshæft bil 3,71 – 4,19). Það viðhorf kom fram í úttektinni að ákveðið agaleysi viðgangist í skólanum sem mörgum hugnist illa. Skólareglur væru oft hunsaðar og ekki samræmi í hvernig þeim er framfylgt. Skólastjóri og yfirkennari sögðu ákveðið frjálrsræði þurfa að vera til staðar í þeim efnum.

Verzlunarskólinn tekur þátt í *Skólapúlsinum*, könnun um líðan og skólabrag. Þar eru nemendur beðnir um að lýsa því hvað þeim þyki gott við skólann. Þeir nefna félagslífið, bekkjarkerfið, hæfa kennara, góða aðstöðu, námið, vinina o.fl. Þegar nemendur voru beðnir um að nefna eitthvað sem þeim þætti slæmt við skólann var það helst heimanám, að fá punkta fyrir veikindi, of mikið námsefni/verkefni, kennslan, klíka, staðalímyndir, langir skóladagar, mætingaskylda, skólinn of prófamiðaður, óánægja með einstaka kennara o.fl.<sup>66</sup> Þessi viðhorf komu einnig fram í rýnihópi nemenda. Margir lýstu yfir óánægju með mætingakerfi, sem gæti komið illa niður á samviskusömum nemendum, m.a. vegna veikinda eða þátttöku í íþróttum með félagsliðum, en einnig mikla áherslu á próf á kostnað verkefnavinnu.

Á fundi með foreldraráði voru gerðar all nokkrar athugasemdir við mætingakerfið sem að sögn fulltrúa þykir nokkuð hart. Sérstaklega var minnst á tengsl fjarvista og veikinda. Foreldraráð segir það ekki gott að sé nemandi veikur lengur en tvo daga þurfi vottorð frá lækni, sem kostar bæði fé og fyrirhöfn. Kom fram sú ósk að staðfesting foreldra um veikindi barna nægi enda sé það vilji foreldra að börn þeirra mæti í skólann. Ekki er sérstaklega tekið tillit til veikinda nemenda heldur eiga þau að rúmast innan mætingakvóta nemenda. Þannig mæti nemendur oft veikir í skólann til að halda mætingu og smiti þá jafnvel aðra. Bent var á að ekki séu veitt leyfi til handa nemendum til að taka þátt í skíðaferð og því tilkynni nemendur sig veika. Samkvæmt yfirstjórn fá íþróttamenn leyfi til keppnisferða erlendis en þau leyfi eru hins vegar ekki án frádráttar nema þegar keppt er fyrir sérsambönd innan ÍSÍ og þar með fyrir Íslands hönd. Foreldrar segja að meistaraflokkar geri þá kröfu að liðsmenn taki þátt í keppnisferðum erlendis. Því sé úr vöndu að ráða fyrir afreksíþróttafólk því að þó sé veitt leyfi, þá komi það til frádráttar á mætingapunktum Foreldraráð segir stjórnendur réttlæta hörku varðandi mætingar á þeirri

<sup>66</sup> Skólapúlsinn 2012-2013

forsendu að mæting gildi ekki í einkunn. Nemendum hafi hins vegar verið vísað úr skóla vegna slakrar mætingar. Foreldraráð segist telja réttara að grípa inn í með meira afgerandi hætti og veita aðstoð því yfirleitt sé ástæða fyrir því að nemendur mæta ekki í skólann.

## 6.1. Líðan nemenda

Í könnuninni Skólapúlsinn komu nemendur skólans almennt betur út en landsmeðaltal, sjá nánar í töflu 10.<sup>67</sup> Í könnun sem skólinn lagði fyrir nemendur sína vorið 2012 kemur fram að rúm 93% nemenda segjast vera mjög ánægð eða ánægð með val sitt á framhaldsskóla. Um 90% svarenda segjast líða mjög vel eða vel í bekk sínum og um 7,5% segjast hafa orðið varir við einelti í bekknum.<sup>68</sup> Í könnun *Rannsóknar og greiningar* árið 2013 koma nemendur VÍ almennt betur út en landsmeðaltal í nánast öllum þáttum könnunarinnar. T.d. líður fæstum nemendum VÍ illa í skólanum miðað við alla skóla, eða 3% en hlutfall stráka í skólanum sem telja námið of létt er 11% en 10% í öllum skólum.<sup>69</sup>

Tafla 10. Skólapúlsinn 2012-2013.

Þáttur	Stelpur		Strákar		Alls	
	Verzló	Landið	Verzló	Landið	Verzló	Landið
Vellíðan	5,7	4,8	6	5,2	5,8	5,0
Hamingja	8,3	7,7	8,4	7,9	8,3	7,8
Sjálfsálit	5,5	4,7	6,4	5,3	5,9	5
Stjórn á eigin lífi	5,7	4,8	6,2	5,2	5,9	5
Þunglyndi	3,3%	11,1%	2,9%	8,7%	3,1%	10%
Kviði	8,7%	17,4%	2,9%	9,5%	6,2%	13,6%
Athyglisbrestur	4,3%	8,5%	9%	9,8%	6,3%	9,1%
Líkamsmynd	4,9	4,5	6,1	5,6	5,4	5,0
Megrunarþráhyggja	3,3%	9,9%	0%	1,2%	1,9%	5,8%
Megrun	40,2%	38,7%	8,6%	18,7%	26,5%	29,1%
Lotugræðgi	3,3%	5,5%	0%	2,4%	1,9%	4,0%
Steranotkun	0%	0,7%	1,4%	3,4%	0,6%	2,0%
Svefnleysi	41,3%	36,4%	20,0%	34,8%	32,1%	35,6%
Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	83,7%	59,9%	77,1%	57,8%	80,9%	58,9%
Samsömun við nemendahópinn	5,6	4,8	5,7	5,2	5,6	5,0
Stuðningur kennara	4,5	4,8	4,7	5,1	4,6	5,0
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	4,9	,9	5,0	4,9	4,9
Einelti	6,5%	9,7%	2,9%	7,1%	5,0%	8,4%
Áreitni og ofbeldi	14,1%	19,3%	18,6%	22,0%	16,0%	20,6%
Fjarvera: Seinkoma í tíma	60,9%	65,9%	62,9%	72,6%	61,7%	69,1%
Fjarvera: Skröp í tíma	41,3%	55,3%	51,4%	58,0%	45,7%	56,6%
Fjarvera án leyfis heilan dag	17,4%	28,6%	15,7%	28,6%	16,7%	28,6%

<sup>67</sup> Skólapúlsinn 2012-2013

<sup>68</sup> Nemendakönnun almennar spurningar vor 2012

<sup>69</sup> Betri líðan í mínum skóla, niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanna á Íslandi 2013.

Í skólasamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið kemur fram að markmið skólans er að í árlegri viðhorfskönnun nemenda skólaárið 2013-2014 segi yfir 90% nemenda að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum.<sup>70</sup> Í könnun skólans frá hausti 2012 kemur fram að um 91% nemenda segja að þeim líði vel eða mjög vel í sínum bekk, um 72% segjast hafa eignast vin eða kunningja í bekknum sínum og um 86% nemenda segja að frekar eða mjög góður andi sé í bekknum þeirra.<sup>71</sup> Fram kom í rýnihópum kennara að nemendahópur skólans væru afburða nemendur sem kæmu almennt frá góðum heimilum, lítið væri um reykingar og það sé stefna hjá skólanum að láta alla fyrsta árs nemendur blása í áfengismæla við inngang á skólaböllum. Með því sé verið að minnka þrýsting á nemendur að neyta áfengis á slíkum viðburðum. Þessir þættir endurspeglir í tölum skólans um líðan nemenda.

## 6.2. Einelti og agamál

Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum, sjá nánar kafla 2.3.1. Skólareglur og viðurlög vegna brota á þeim eru í skólanámskrá og eru reglurnar einnig á heimasíðu skólans. Í úttektinni var mörgum tíðrætt um ósamræmi í viðbrögðum við agabrotum þrátt fyrir skýrar reglur. Í þeim kemur fram að *nemendum ber að kynna sér skólareglur. Þeir fá ekki skotið sér undan brotum á skólareglum með skírskotun til vanþekkingar á þeim*. Skólinn hefur lagt fyrir almenna könnun í tengslum við líðan nemenda en þar er spurt hvort nemendur hafi orðið varir við einelti. Í síðustu könnun sem lögð var fyrir nemendur vorið 2012 segja 7,4 % að þeir hafi orðið varir við einelti, 82,6% svöruðu neitandi og 10% veit ekki.<sup>72</sup> Niðurstöður könnun *Rannsóknar og greiningar* á einelti 16-17 ára barna má sjá í töflu 11 og niðurstöður *Skólapúlsins* í töflu 10. Í rýnihópum kennara og í viðtölum við skólastjórnendur kom fram að með bekkjarkerfinu skapist meiri samheldni meðal nemenda og umsjónarkennarar séu í betri aðstöðu til að greina eineltis- og agamál fyrir en ella. Þetta viðhorf kom einnig fram hjá foreldrum. Einnig sé nemendahópurinn félagslega sterkur. Þessir þættir geri það að verkum að minna sé um einelti í skólanum en í öðrum skólum.

## 6.3. Félags- og tómstundastarf

Í skólanámskrá segir *Félagslífið í Verzlunarskólanum er fjölbreytt og öflugt. Undir stjórn Nemendafélags VÍ (NFVÍ) sitja yfir hundrað nemendur í ýmsum nefndum og ráðum sem standa fyrir margvíslegum uppákomum*. Einnig kemur fram að nemendur standa að útgáfum á þremur tímaritum, á hverju ári er haldin stuttmyndahátíð og söngvakeppni, *Verzlóvæl*, í skólanum er íþróttafélag og nemendur taka þátt í spurningakeppni og ræðukeppni

<sup>70</sup> Skólasamningur VÍ og ráðuneytisins

<sup>71</sup> Nemendakönnun almennar spurningar vor 2012

<sup>72</sup> Nemendakönnun almennar spurningar vor 2012

framhaldsskólanema. Hápunktur félagslífsins er þó árlegt nemendamót þar sem nemendur setja m.a. upp söngleik.<sup>73</sup> Að sögn skólastjóra stendur skólinn sjálfur ekki fyrir félags- og tómstundastarfi.

## 6.4. Jafnrétti meðal nemenda

Skólinn hefur sett sér framkvæmdáætlun í jafnréttismálum, sjá nánar kafla 2.3.2. Nemendur með annað móðurmál en íslensku fá aukna aðstoð og komið er til móts við nemendur með sérþarfir, sjá nánar kafla 9. Jafnréttis nemenda er gætt í skólastarfinu að sögn starfsfólks, t.a.m. greiði skólinn til hálfis á móti ríkinu aðstoðarmann fyrir fatlaða nemendur. Einnig kom fram að fatlaðir nemendur hafi haft aðgang að fjarnámi til stuðnings dagskóla, sérstofum, lengri próftíma o.fl. Skólinn vinnur að jafnrétti kynjanna, t.d. er allt markaðsefni nemendafélagsins ritskodað af náms- og starfsráðgjafa m.t.t. hvort efnið halli á annað hvort kynið. Kynjaskiptingu nemenda eftir námsbrautum má sjá nánar í kafla 2.1.

## 6.5. Náms- og starfsráðgjöf

Við skólann starfa þrír náms- og starfsráðgjafar með fullgild réttindi til starfsins í 2,5 stöðugildum. Hver þeirra sinnir nemendum ákveðinna árganga en þannig fá þeir betri heildarmynd af stöðu mála í hverjum árgangi fyrir sig.<sup>74</sup> Á heimasíðu skólans segir: *Starf náms- og starfsráðgjafa felst meðal annars í því að veita nemendum upplýsingar um námsleiðir og störf. Þeir veita einnig ráðgjöf varðandi námserfiðleika og persónuleg mál.* Þeir eru trúnaðarmenn og talsmenn í málum nemenda og eru til viðtals alla virka daga frá 08:30 til 15:00. Náms- og starfsráðgjafar eru hluti af nemendabjónustu skólans en þar starfa einnig tveir félagslífs- og forvarnarfulltrúar. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa skólans eru:<sup>75,76</sup>

- Áhugasviðskannanir
- Að upplýsa um námsleiðir og störf
- Námsstækni
- Námsferfiðleikar
- Persónuleg vandamál

Á vorönn 2014 var 198 nemandi á skrá sem hafði lagt fram greiningu um námsörðugleika, þar af 106 vegna lesblindu, 50 vegna prófkvíða, 34 vegna veru erlendis eða eru af erlendu bergi brotnir, fjórir vegna upplesturs á prófum og fjórir vegna próftöku í

<sup>73</sup> Skólanámskrá VÍ

<sup>74</sup> Sjálfsmatskýrsla VÍ 2012-2013

<sup>75</sup> Skólanámskrá VÍ

<sup>76</sup> Heimasíða VÍ - Nemendabjónusta

tölvum<sup>77</sup>. Fulltrúar kennara og nemenda í rýnihópum sögðu að þeim þætti gott að leita til náms- og starfsráðgjafa skólans.

Að sögn náms- og starfsráðgjafa vildu þeir geta haft meiri tíma í ráðgjöfina sjálfa en önnur verkefni taki oft of mikið af þeirra tíma, s.s. að fara yfir mætingar nemenda, heilsueflandi framhaldsskóli, móttaka tíundu bekkinga o.fl.

## 6.6. Forvarnar- og áfallaráð

Við skólann er starfrækt forvarnarráð. Hlutverk þess er að skipuleggja forvarnarstarf skólans í samvinnu við forvarnarfulltrúa og skólayfirvöld. Forvarnarráð skipa skólastjóri, forvarnarfulltrúi, námsráðgjafi, kennari og nemandi. Ráðið skal funda reglulega og fjalla um og endurskoða stefnu skólans um forvarnir a.m.k einu sinni á ári. Áfallaráð er við skólann og kemur það saman eftir þörfum. Í ráðinu sitja skólastjóri (formaður), yfirkennari, áfangastjóri, námsráðgjafi, skrifstofustjóri og tveir kennarar en það getur einnig leitað til skólalæknis, prests og annarra eftir þörfum. Skólinn hefur áætlun vegna áfalla eða sorgarviðburða og er hana að finna á heimasíðu hans.<sup>7879</sup> Fram kom að forvarnarráð væri ekki nægilega virkt.

## 6.7. Mat úttektaraðila

- Fram kom í rýnihópum að starfsandi og samskipti væru almennt góð en starfsandi mældist 3,85 vorið 2013. Til samanburðar má nefna að í könnuninni *Stofnun ársins* 2013 mældist starfsandi hjá ríkisstofnunum að meðaltali 4,18 og í könnuninni *Fyrirtæki ársins* 2013 4,31. Hér eru möguleikar fyrir skólann að gera enn betur.
- Líðan nemenda er að meðaltali almennt betri en í öðrum framhaldsskólum og minna er um einelti. Gera má ráð fyrir að félagsleg og námsleg staða þeirra hafi hér áhrif en einnig er bekkjarkerfið mikilvægt. Úttektaraðilar velta fyrir sér þeirri stöðu sem upp er komin í framhaldsskólum landsins þar sem flestir bekkjarskólarnir taka nær eingöngu mjög námslega sterka nemendur inn. Nemendur með meðaleinkunn lægri en 8 virðast eiga litla möguleika á að sækja bekkjarskóla en það aðhald sem bekkurinn veitir gæti einmitt að mati úttektaraðila hentað nemendum með lakari náms- og félagslega stöðu. Nemendur, sem eiga auðveldast með nám, virðast oftast ná árangri óháð kerfi.
- Ákveðið agaleysi virðist viðgangast í skólanum gagnvart því að framfylgja til fullnustu reglum, skortur er á samræmi í eftirfylgni ákvarðana og skráðum ferlum ekki alltaf fylgt við úrlausn mála.

<sup>77</sup> Gögn frá náms- og starfsráðgjöfum

<sup>78</sup> Skólanámskrá VÍ

<sup>79</sup> Heimasíða VÍ – Viðbrögð við áföllum



- Ekki ríkir sátt um mætingakerfi skólans en að mati úttektaraðila er mikilvægt að svo sé. Þörf kann að vera á endurskoðun mætingareglna, sérstaklega varðandi veikindi nemenda undir sjálfræðisaldri. Einnig þarf að taka fastar á brotum fyrir.
- Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sjá nánar um kynjajafnrétti í kafla 2.3.3.
- Til þess að styrkja skólabrag enn frekar er mikilvægt að aðkoma nemenda verði enn meiri að ýmsum málum sbr. lög um framhaldsskóla og grunnþætti menntunar sbr. aðalnámskrá.
- Náms- og starfsráðgjöf við skólann er vel sinnt sem staðfestist í rýnihópum og könnunum. Náms- og starfsráðgjafar hafa í mörg horn að líta og mætti skoða hvort ýmis verkefni sem nú taka nokkuð mikinn tíma af þeirra starfi, gætu flust annað svo þeir ná betur að þjónusta nemendur sbr. stefnu skólans.
- Forvarnarráð mætti vera sýnilegra í starfi sínu.
- Áfallaáætlun er til staðar og er aðgengileg á heimasíðu skólans.

## 7. INNRA MAT

*Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laga nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur<sup>80</sup>.*

Samkvæmt lögum nr. 98/2008 um framhaldsskóla eru markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum eftirfarandi:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluýfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,*
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,*
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum<sup>19</sup>*

### 7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd

Verzlunarskóli Íslands hefur framkvæmt kerfisbundið mat á skólastarfinu síðan árið 2004. Skólastjóri og yfirkennari sjá um skipulag og framkvæmd matsins. Fram til haustsins 2013 sá sérstakur gæðastjóri um matið og er nú skoðað að ráða starfsmann í hans stað. Matið byggir á markmiðum skólans en þau eru 22 talsins, sjá viðauka I. Á heimasíðu skólans eru aðgengilegar sjálfsmatsskýrslur hans allt frá skólaárinu 2008 - 2009. Í skýrslu um innra mat fyrir skólaárið 2012 - 2013 eru sett fram markmið, leiðir að markmiðum og að hve miklu leyti þeim var náð og framkvæmdaáætlun sem gerð er fyrir hvert skólaár. Einnig eru settar fram úrbætur fyrir hvert markmið, hafi því ekki verið náð.<sup>81</sup>

Að sögn stjórnenda hefur skólinn mótað sér sínar eigin matsaðferðir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans árið 2007. Niðurstaða hennar var að skólinn *uppfylli bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats*. Í rýnihópi kennara kom fram að matið væri afar gott tæki ef það væri rétt notað og niðurstöðum fylgt eftir. Matið þyrfti e.t.v. að endurskoða í tengslum við nýja skólanámskrá.

### 7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati

Ekki er starfandi sjálfsmatshópur við skólann en framkvæmd innra mats hefur verið í höndum skólustjóra og yfirkennara eftir að gæðastjóri lét af störfum. Að þeirra sögn ákveður yfirstjórn hvaða þættir skulu metnir. Samkvæmt skýrslu skólans um innra mat fyrir

<sup>80</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, gr. 40

<sup>81</sup> Sjálfsmatsskýrsla VÍ 2012-2013

skólaárið 2012- 2013 hafa starfsmenn og nemendur komið að innra mati, t.a.m. með þátttöku í viðhorfskönnun. Foreldrar taka ekki þátt í matinu.<sup>82</sup>

Fram kom í viðtölum og rýnihópum að matið væri ekki kynnt nægilega formlega eða jafnvel alls ekki kynnt fyrir öðrum hópum en kennurum á kennarafundi. Það viðhorf kom fram að matið væri ekki nægilega vel kynnt í heild sinni heldur einungis niðurstöður úr viðhorfskönnun. Það viðhorf var algengt í rýnihópum kennara að þeir mættu taka meiri þátt í matinu og eftirfylgni mætti vera betri. Skólanefnd hefur fengið samantekt úr matinu.

### 7.3. Mat á frammistöðu kennara

Í innra mati er frammistaða kennara metin, m.a. með árlegri nemendakönnun sem lýtur að kennslu og líðan. 11 spurningar snúa að kennslu en þær eru m.a.: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með kennsluna í áfanganum, hversu vel eða illa finnst þér kennarinn í þessum áfanga útskýra námsefnið o.fl. Heildarniðurstöður könnunarinnar liggja frammi á kennarastofu en skólastjóri fer einnig yfir niðurstöður hennar í samtali við hvern og einn kennara.<sup>83</sup> Í rýnihópi nemenda kom það viðhorf fram að þrátt fyrir þátttöku í kennslukönnunum fengju þeir lítið að vita hvað út úr þeim kæmi eða hvort eitthvað breyttist í kjölfarið, t.d. ef kennari kæmi illa út. Þetta viðhorf kom einnig fram í foreldraráði þar sem margir eru fyrrverandi nemendur við skólann. Ef kennari kemur illa út úr kennslukönnun er að sögn skólastjóra alltaf rætt við viðkomandi og hann fær að segja sína hlið á málinu. Oftast takist að lagfæra það sem miður hafi farið. Því sé þó ekki að leyndu að fyrir komi að kennari ráði greinilega ekki við verkefnið. Vegna kjarasamninga sé þó ekki einfalt að segja viðkomandi kennara upp eins og nemendur og foreldrar ætlist oft til.

### 7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats

Áætlun um umbætur hefur verið gerð í kjölfar innra mats og er hún hluti af sjálfsmatsskýrslu skólans. Skólastjórnendur eru ábyrgir fyrir umbótum og eftirfylgni. Sjálfsmatsskýrslur og áætlanir um framkvæmd matsins er að finna á heimasíðu skólans. Niðurstöður eru kynntar formlega í skólanefnd og skólaráði. Deildarstjórar sögðu deildir funda um eftirfylgni og vinni að úrbótum.

### 7.5. Mat úttektaraðila

- Innra mat skólans uppfyllir að hluta viðmið laga og aðalnámskrár. Flestir þættir skólasamfélagsins eru metnir og skipulag og framkvæmd matsins er í höndum stjórnenda. Æskilegt væri að við skólann væri starfandi sjálfsmatshópur svo tryggja

<sup>82</sup> Sjálfsmatsskýrsla VÍ 2012-2013

<sup>83</sup> Sjálfsmatsskýrsla VÍ 2012-2013

megi virkari þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra í matinu, sbr. lög um framhaldsskóla.

- Í ljósi athugasemda nemenda og foreldra um frammistöðu kennara, t.d. ráði kennari ekki við verkefni sitt og erfitt virðist að ráða bót á því, þarf að skoða leiðir, m.a. með tilfærslu í starfi, svo ekki sé brotið á rétti nemenda til viðunandi kennslu.
- Mælikvarðar á árangur þurfa að vera tilgreindir í sjálfsmatsáætlun.
- Kynningu og eftirfylgni mats þarf að bæta.
- Matið þarf að endurskoða þegar skólinn hefur útfært frekar kennsluhætti og námsmat í samræmi við markmið og áherslur í aðalnámskrá framhaldsskóla.

## 8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

Að sögn stjórnenda leitast skólinn við að eiga gott samstarf við foreldra ólöggráða nemenda. Skólinn heldur kynningarfundum fyrir foreldra nýnema þar sem aðstaða og þjónusta skólans er kynnt og einnig fundu umsjónarkennarar með foreldrum. Almennt er upplýsingamiðlun skólans góð að mati þeirra foreldra sem rætt var við og heimasíða skólans er uppfærð reglulega. Foreldrar segja aðgengi að stjórnendum gott, fyrirspurnum sé svarað hratt og örugglega og viðbrögð ávallt góð. Þá hafa skólayfirvöld greitt fyrir fyrirlesara á fundum foreldrafélagsins. Skólinn tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi, t.d. með nemendaskiptum, heimsóknnum erlendra nemenda og kennara, þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum o.fl.

### 8.1. Foreldraráð

*Við hvern framhaldsskóla skal starfa foreldraráð. Skólameistari boðar til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann. Félagsmenn geta verið foreldrar nemenda við skólann.<sup>84</sup>*

Við skólann er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Í skólanámskrá kemur fram að félagið hyggist ná markmiðum sínum m.a. á eftirfarandi máta:

- Að vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna.
- Að stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.
- Að hvetja til aukins stuðnings, aðhalds og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- Að koma á og tryggja öflugt og gott samstarf foreldra/forráðamanna, nemenda og starfsfólks skólans.<sup>85</sup>

Foreldraráðið er kjörið á félagsfundum foreldrafélagsins. Það fundar að meðaltali þrisvar á hvorri önn. Formaður þess situr sem áheyrnarfulltrúi annan hvern fund skólanefndar, þann sem ekki fjallar um fjármál. Fulltrúar í foreldraráði segja þessa tilhögun hafa verið samþykkt í kjölfar ályktunar á aðalfundi foreldrafélagsins þar sem ákveðið var að fara þess á leit að fá áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Þátttaka foreldrafulltrúa á skólanefndarfundum hafi gert starf foreldraráðs mun sýnilegra. Fram kom hjá foreldraráði og stjórnendum að fulltrúar í ráðinu hafi ríkulegan áhuga og skoðanir á öllu sem viðkemur skólastarfinu og eigi í góðu samstarfi við skólayfirvöld. Foreldrar sögðust gjarnan vilja leggja enn meira af

<sup>84</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, 50. gr

<sup>85</sup> Skólanámskrá VÍ 2013-2014

mörkum í skólastarfinu. Ráðið fundar með skólastjórnendum tvisvar að vetri þar sem farið er yfir marga þætti skólastarfsins, bæði það sem er gott og það sem betur má fara.

Helstu viðfangsefni foreldraráðs og foreldrafélags snúa að félagslífi nemenda. Meðal annars sjá foreldrar um gæslu á dansleikjum og eru allt að 12 foreldrar fyrir utan ballstaðinn en til að byrja með fór mest vinna í að virkja foreldrana að sögn fulltrúa ráðsins. Foreldraráðið telur að aðkoma þeirra og viðvera hafi bætt ballmenningu töluvert. Skólinn lagði foreldrum fé til að kaupa það sem nauðsynlegt þótti til að gera ballgæsluna sýnilega. Foreldrar sitja gjarnan tvö til þrjú ár í foreldraráði en flestir þeirra eru foreldrar barna í fjórða bekk skólans, þ.e. á öðru ári.

## 8.2. Samstarf við grenndarsamfélag

Að sögn skólastjóra er skólinn ekki í neinu samstarfi við grenndarsamfélagið.

## 8.3. Lýðræði og þátttaka

Foreldrar, sem rætt var við, sögðust eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann, upplifa mikinn vilja til samstarfs hjá skólameistara og að aðgengi að stjórnendum sé gott. Stjórnendur segja samskipti við foreldra vera almennt góð. Að sögn fulltrúa í foreldraráði hafa þeir ekki komið mikið að ákvörðunum um sjálft skólastarfið. Foreldraráð segist ekki hafa átt beina aðkomu að ferlinu um styttingu námstíma í kjölfar breytinga á framhaldsskólalögum og hafi fyrst heyrt af fyrirhugaðri styttingu námstíma í þrjú ár í fjölmiðlum og síðar á skólanefndarfundum og kynningarfundum sl. haust. Foreldrum hafi ekki verið boðin þátttaka á Framtíðarþingi skólans þrátt fyrir virkni foreldrafélagsins og gott samstarf við stjórnendur. Gerði foreldraráð við það athugasemd og var í kjölfarið boðið á kynningarfund.

## 8.4. Upplýsingaflæði

Foreldrar geta nálgast ýmsar upplýsingar á heimasíðu skólans, en þar er að finna efni um skólann, s.s. sögu, starfsfólk, skipurit, stjórnun o.fl. Einnig eru þar aðgengilegar ýmsar skýrslur, s.s. ársskýrslur, ársreikningar, skýrslur náms- og starfsráðgjafa, sjálfsmat skólans, upplýsingar um foreldraráð, skólanefnd o.fl.<sup>86</sup> Að sögn fulltrúa í foreldraráði er upplýsingamiðlun skólans með ágætum. T.d. geta foreldrar skráð sig inn á sérstaka síðu til að nálgast enn frekari upplýsingar en þær sem fyrr er getið.

---

<sup>86</sup> Heimasíða skólans

## 8.5. Mat úttektaraðila

- Foreldraráð skólans er mjög virkt og fundar reglulega. Gott samstarf virðist vera milli foreldra og stjórnenda skólans og foreldrar hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið, m.a. á heimasíðu og fundum foreldraráðs með skólanefnd og stjórnendum skólans. Foreldrar hafa þó áhuga á enn meiri tengslum og hafa sterkar skoðanir á ýmsum málum svo sem mætingakerfi og eftirfylgni agamála.
- Mjög jákvætt er að formaður foreldraráðs situr sem áheyrnarfulltrúi annan hvern fund skólanefndar og að ráðið fundar reglulega með skólastjórnendum.
- Skólinn á ekki í neinu samstarfi við grenndarsamfélagið. Velta má fyrir sér hvort hér eru ónýtt tækifæri fyrir skólann þar sem í næsta nágrenni hans er fjöldi fyrirtækja og menningarstofnana.

## 9. NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR

*Nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með heilsutengdar sérþarfir og nemendur með fötlun, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.<sup>87</sup>*

Í skólasamningi skólans við mennta- og menningarmálaráðuneytið segir: *VÍ leggur áherslu á að koma til móts við nemendur með sérþarfir t.d. með lengri próftíma, stöðtímum eða námsáföngum sem styðja við nemendur sem á þurfa að halda.*<sup>88</sup>

### 9.1. Almenn stöðþjónusta

Við skólann eru veitt sérstök úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika. Stöðþjónusta skólans felst í náms- og starfsráðgjöf, stöðkennslu og úrræðum í tengslum við próf. Ekki er skimað sérstaklega fyrir leshömlun en að sögn skólastjóra hafa íslenskukennarar látið náms- og starfsráðgjafa vita af nemendum sem eru áberandi slakir í stafsetningu þar sem það geti gefið vísbendingu um leshömlun. Í bekkjarkerfi sé einnig auðveldara að koma auga á sérþarfir nemenda og laga kennsluna að þeim. Ekki hafa verið gerðar áætlanir um framvindu náms langveikra barna þar sem þeir nemendur hafi ávallt fylgt bekknum eftir, að sögn skólastjóra og náms- og starfsráðgjafa. Lítið sé um að fatlaðir nemendur stundi nám við skólann en málefni hvers og eins sé leyst í samráði við nemandann og foreldra hverju sinni. Húsnæði skólans hentar vel fyrir líkamlega fatlaða nemendur og þess er gætt að þeir hafi aðgang að félagslífi. Ekki hefur reynt á aðstoð við nemendur sem hafa þörf fyrir táknmál. Í skólanámskrá er ekki fjallað sérstaklega um almenna stöðþjónustu.

Nemendur sem ekki hafa íslensku sem fyrsta tungumál sitja áfangann NÁM293 þar sem nemendur fá einstaklingsmiðaða aðstoð frá kennara en þessir nemendur fá einnig lengri próftíma. Nemendur sem greindir hafa verið með lesblindu sitja áfangann NÁM193 þar sem þeim er kennd málfræði og stafsetning en þeir fá einnig lengri próftíma. Þeir nemendur sem ekki hafa náð tilskilinni færni í réttritun við lok áfangans ÍSL103 er gefinn kostur á að bæta færni sína með að sitja áfangann STA101.<sup>89</sup> Að sögn náms- og starfsráðgjafa fá nemendur með langtímavottorð frjálssari mætingu en þeir fylgja þó samnemendum sínum í námsframvindu.

### 9.2. Starfsbraut

Ekki er starfsbraut við skólann.

<sup>87</sup> Aðalnámskrá framhaldskóla: 2011:60

<sup>88</sup> Skólasamningur VÍ og ráðuneytisins

<sup>89</sup> Skólasamningur VÍ og ráðuneytisins



### 9.3. Mat úttektaraðila

- Verzlunarskóli Íslands hefur byggt upp margvísleg úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist sinna þörfum þeirra vel. Úttektaraðilar telja að stoðþjónusta við nemendur sé í samræmi við aðalnámskrá og að komið sé til móts við þarfir nemendahóps skólans eftir því sem við á.
- Ekki er starfsbraut við skólann.

## 10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Hér að neðan er samantekt á styrkleikum og veikleikum Verzlunarskóla Íslands. Greiningin byggir á viðtölum við stjórnendur, deildarstjóra, kennara, náms- og starfsráðgjafa, aðra starfsmenn, nemendur, foreldraráð, skólanefnd og mati úttektaraðila.

### 10.1. Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
Námslega sterkir nemendur sem líður vel.	Ákvörðunum og reglum um mætingar, aga og umgengni er ekki fylgt nægilega vel eftir.
Jákvæður skólabragur og umhyggja.	Ekki ríkir sátt um mætingakerfi skólans.
Góður aðbúnaður.	Dátttaka nemenda í ákvörðunum um skólastarfið mætti vera meiri.
Ánægja með og traust til stjórnenda. Gott aðgengi að stjórnendum.	Ekki hafa allir aðilar skólasamfélagsins komið að endurskoðun skólanámskrár.
Faglega sjálfstæðir kennarar.	Kynjahlutfall starfsmanna og nemenda er óhagstætt m.t.t. karlkyns.
Gott félagslíf.	Endurmenntun kennara er ekki nægilega markviss.
Virk skólanefnd.	Skólaráð er ekki virkt.
Fagleg vinnubrögð við stefnumótun og útfærslu aðalnámskrár.	Stjórnunaraðferðir yfirstjórnar ekki nægilega markvissar. Skilaboð stjórnenda ekki alltaf skýr né alltaf tekið með fullnægjandi hætti á erfiðum starfsmannamálum.
Mikil reynsla af fjarnámi.	
Gott orðspor skólans og stolt nemenda, starfsmanna og stjórnenda af honum.	
Bekkjarkerfið.	
Gott bókasafn.	
Öflugt foreldrastarf.	

### 10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þurfa skólinn og mennta- og menningarmálaráðuneytið að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

#### 10.3.1. Skólinn

1. Unnið verði áfram að útfærslu kennsluhátta og námsmats með aðkomu allra aðila skólasamfélagsins og undir faglegri forystu skólameistara.
2. Hugað verði að markvissri endurmenntun starfsfólks og gerð sí- og endurmenntunar-áætlun fyrir alla starfsmenn. Horft verði enn frekar til nýrra miðla þar sem aðgangur

kennara að endurmenntun getur verið erfiður á skólatíma.

3. Endurvekja formlega áætlun um móttöku nýrra starfsmanna.
4. Allir starfsmenn fari í starfsmannasamtöl og þeim verði skipt niður á stjórnendur skólans.
5. Rýnt verði betur í aðferðir yfirstjórnar við stjórnun þannig að hún verði enn markvissari. Skilaboð til starfsmanna mættu vera skýrari. Taka þarf á erfiðum starfsmannamálum sbr. athugasemdir foreldra og nemenda og viðhorfskönnun meðal starfsmanna.
6. Endurvekja þarf skólaráð sbr. lög um framhaldsskóla.
7. Leitast verði við að jafna hlut kynja í starfsmanna- og nemendahópi eftir því sem hægt er sbr. jafnréttislög.
8. Endurskoða þarf verkferla um agamál og fylgja þeim eftir, sem og kynna verkferla almennt betur fyrir starfsmönnum.
9. Forvarnarráð þarf að vera sýnilegra.
10. Gera þarf betri grein fyrir námsmati í áfangalýsingum og kennsluáætlunum.
11. Nýta ætti í auknum mæli nýja miðla í náminu enda er upplýsingalæsi og það að geta nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit grunnþættir og lykilhæfni í aðalnámskrá. Hér byggir skólinn á mikilvægri reynslu úr fjarnámi við skólann. Bæta þarf þráðlaust netsamband víða í skólanum.
12. Eftirlit með því hvort kennsla er í samræmi við áfangalýsingar og kennsluáætlanir þarf að auka. Það má gera með frekari eftirfylgni niðurstaðna kennslukannana og eftirliti stjórnenda sem hluta af innra mati.
13. Í ljósi athugasemda nemenda og foreldra um frammistöðu kennara, t.d. ráði kennari ekki við verkefni sitt og erfitt virðist að ráða bót á því, þarf að skoða leiðir, m.a. með tilfærslu í starfi, svo ekki sé brotið á rétti nemenda til viðunandi kennslu.
14. Auka þarf þátttöku nemenda við ákvarðanir um skólastarfið, m.a. með því að þeir eigi áheyrnarfulltrúa í skólanefnd, með setu í skólaráði og þátttöku í vinnu við nýja skólanámskrá sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla.
15. Endurskoða ætti mætingakerfi með aðkomu stjórnenda, kennara, nemenda og foreldra.
16. Innra mat þarf að efla enn frekar með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins, skilgreina mælikvarða betur, bæta kynningu á niðurstöðum og fylgja betur eftir.
17. Í ljósi þess að starfsanda má bæta sbr. vinnustaðargreiningu mætti m.a. auka þátttöku í þróunarverkefnum, kynnisferðum eða öðru sem styrkir félagslegan grunn, samstarf og þverfaglega nálgun.

10.3.3. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Úttektaraðilar velta fyrir sér þeirri stöðu sem upp er komin í framhaldsskólum landsins þar sem flestir bekkjarskólarnir taka nær eingöngu mjög námslega sterka nemendur inn. Nemendur með meðaleinkunn lægri en 8 virðast eiga litla möguleika á að sækja bekkjarskóla en það aðhald sem bekkurinn veitir gæti einmitt að mati úttektaraðila hentað nemendum með lakari náms- og félagslega stöðu. Nemendur, sem eiga auðveldast með nám, virðast oftast ná árangri óháð kerfi. Þetta þarf að skoða.
- Skoða mætti hversu marktækar einkunnir úr grunnskóla eru um þekkingu nemenda sbr. stöðupróf nýnema við Verzlunarskóla Íslands.
- Auka þyrfti formlegt samstarf milli skólastiga m.a. með tilliti til hæfniprepa aðalnámskráa.

## HEIMILDIR

---

Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011.

Ársskýrsla skólans 2012 og 2013. Sótt af <http://www.verslo.is/skolinn/rafraen-skjol/>.

Athugasemdir skólastjóra við gagnalista. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.

Framtíðarþing VÍ 2012. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.

Fyrirtæki ársins. Sótt af <http://vr.is/kannanir/fyrirtaeki-arsins-2014/>

Gögn frá náms- og starfsráðgjöfum. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.

Gögn frá formanni skólanefndar VÍ. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara og formanni.

Hagtíðindi. 2004, ágúst. Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt af heimasíðu Hagstofu Íslands.

Deildarniðurstöður viðhorfskönnunar nemenda haust 2012. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.

Heilsuefandi framhaldsskóli. Reykjavík: Embætti landlæknis. Sótt af

<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item15390/Um%20HEF%20-%202012.pdf>.

Heimasíða nemendafélags skólans. Sótt af <http://www.nfvi.is>.

Heimasíða skólans. Sótt af <http://www.verslo.is>.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Nemendakönnun, almennar spurningar vor 2012. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.

Nokkur orð um námsmat. Kynning yfirkennara á vinnufundi um námsmat apríl 2014. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.

Reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla nr. 132/1997.

Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997.

Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007.

Sameiginleg framkvæmdaáætlun fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands vegna framhaldsskóla. Sótt af

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Kjarasamningar/Samkomulag\\_Kennarasambands](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Kjarasamningar/Samkomulag_Kennarasambands)

- [Íslands vegna framhaldsskóla og fjarmalaradherra.pdf](#) Sjálfsmatsskýrsla VÍ fyrir skólaárið 2009-2013. Sótt af <http://www.verslo.is/skolinn/sjalfsmat/>.
- Skipulagsdagskrá VÍ. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.
- Skólanámskrá VÍ 2013 – 2014. Sótt af <http://www.verslo.is/skolinn/skolanamsskrar/>.
- Skólapúlsinn 2012 – 2013. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.
- Skólasamningur VÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2013. Sótt af <http://www.verslo.is/skolinn/rafraen-skjol/>.
- Skýrslur eftirlitsaðila. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.
- Starfsáætlun skólanefndar og skólastjórnenda VÍ. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.
- Starfsmannahandbók VÍ. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.
- Stofnun ársins. Sótt af <http://www.sfr.is/kannanir-sfr/stofnun-arsins/>
- Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ. 2013. Unnin af Attentus – mannaði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Úttekt á starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni. 2013. Unnin af Attentus – mannaði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Úttekt á starfsemi Menntaskólans við Hamrahlíð. 2011. Unnin af Attentus – mannaði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Vinnustaðagreining VÍ apríl 2013. Gögn send Attentus – mannaður og ráðgjöf af skólameistara.

## VIÐAUKAR

---

### Viðauki I – Markmið skólans

- Hlutfall nemenda sem líður vel/mjög vel í skólanum verði yfir 90% eftir haustkönnun árið 2014.
- Lesblindir nemendur og þeir sem hafa ekki fullt vald á íslensku fái sérstakan stuðning við nám sitt.
- Skólinn skapi umhverfi sem stuðlar að heilbrigðu lífni.
- Upplýsingastreymi til og frá stjórnendum sé gott.
- Skólastjórnendur hafi upplýsingar um viðhorf starfsmanna til skólans, stjórnenda og skólans sem vinnustaðar.
- Skólinn miðli upplýsingum vel til foreldra.
- Jafnréttisáætlun sé virk og eftir henni farið.
- Stjórnendur skólans séu sýnilegir í daglegu starfi skólans.
- Verzlunarskólinn verði rekinn hallalaust á hvert.
- Prófum verði skilað á tilsettum tíma til ritara.
- Efla nákvæmni við yfirsetur og fækka tilfellum um svindl.
- Efla eftirvinnu prófgagna í deildum og vinna með niðurstöður prófa.
- Námsframboð skólans verði aukið og reynt að höfða til breiðari námshóps.
- Innleiðingu nýrra laga verði lokið í ágúst 2013 og starfað samkvæmt þeim haustið 2014.
- Skólanámskrá verði endurskoðuð og uppfærð fyrir 1. september ár hvert.
- Þróunarstarf verði eft með markvissum hætti.
- Allir kennarar við skólann hafi kennsluréttindi.
- Gæði kennslu verði metin á hverju ári.
- Allir áfangar sem verða teknir til kennslu í samræmi við skólanámskrá, verði tilbúnir til fjarkennslu eigi síðar en á næstu önn eftir að þeir verða teknir til kennslu í dagskóla.
- Að stefna að því að fjarnámið verði sýnilegri hluti af starfsemi skólans með þátttöku allra þeirra sem koma að þeirri starfsemi, s.s. skrifstofu, námsráðgjöf og húsvarða.
- Hlutfall fjarnemenda sem tekur próf verði orðið 80% í síðasta lagi í maí 2013.
- Á haustönn 2012 verði hafist handa við að skrifa gæðaviðmið fyrir fjarnámsáfanga, fjarkennslu og fjarnámið í heild sinni.